



Reykjavíkurborg

## Töfrandi tungumál



Saga Stephensen

**Efnisyfirlit**

1. Inngangur .....	3
2. Töfrandi tungumál .....	5
2.1 Leikskólinn Miðborg .....	5
2.1.1 Aðdragandi þróunarverkefnisins .....	6
2.1.2 LAP .....	6
2.1.3 Skipulag verkefnisins .....	8
2.1.4 Tungumál vikunnar.....	8
2.2 Þáttur kennara.....	9
2.2.1 Innleiðing á kennsluaðferðinni LAP .....	9
2.2.2 Teymi Töfrandi tungumáls.....	12
2.3 Þátttaka barna .....	13
2.3.1 Merkingar á umhverfi .....	13
2.3.2 Vinna með mismunandi tungumál.....	16
2.3.3 Að skapa samtöl í gegnum persónubrúður .....	18
2.3.4 Bókagerð og vinna með ritmál .....	21
2.3.5 Heimamenning.....	22
2.3.6 Málörvun .....	24
2.4 Foreldrasamstarf.....	25
3. Mat kennara, barna og foreldra á verkefninu Töfrandi tungumál.....	29
3.1 Mat kennara.....	29
3.1.1 Rafræn spurningakönnun .....	29
3.1.2 Viðtöl við deildarstjóra .....	30
3.1.3 Teymisfundir .....	32
3.1.4 Samtöl í daglegu starfi.....	34
3.2 Mat barna.....	35
3.2.1 Viðtöl við tvítyngd börn .....	35
3.2.2 Hópviðtöl við börn.....	35
3.3 Mat foreldra .....	37
3.4 Hvernig tókst til? .....	38
4. Lokaorð.....	43
Heimildir .....	45
Fylgiskjöl.....	47
A1. Spurningakönnun fyrir starfsfólk Miðborgar.....	47
A2. Hópviðtöl við börn á aldrinum 4-5 ára .....	48

A3. Fundargerðir teymis <i>Töfrandi tungumáls</i> .....	49
A4. Sögutaska.....	57
A5. Kynning á þróunarverkefninu fyrir nýtt starfsfólk.....	57
A6. Mismunandi útfærsla á merkingum.....	59
A7. Umræður um framtíð verkefnisins.....	60

## 1. Inngangur

Á undanförunum árum hefur íslenskt samfélag breyst frá því að vera fremur einsleitt yfir í það að verða að fjölmenningsamfélagi. Á vef Reykjavíkurborgar er greint frá því að í leikskólum borgarinnar séu börn af erlendum uppruna um 18 prósent og í nokkrum skólum er hlutfallið mun hærra. Fjölmenningarleg menntun stuðlar að skilningi og virðingu fyrir mismunandi menningarhefðum og trú að því marki að hugmyndirnar samræmist félagslegu réttlæti og mannréttindum sem skilgreind eru meðal annars í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Cummins, 2016). Þegar tekið er á móti börnum af mismunandi uppruna er mikilvægt að finna leiðir til að bjóða þau og þeirra menningarbakgrunn velkomin í skólann. Í aðalnámskrá leikskóla segir að eitt af hlutverkum leikskóla sé að tryggja jafnrétti allra barna til náms og uppeldis (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Í fjölmenningarstefnu skóla- og frístundasviðs, *Heimurinn er hér*, kemur fram að markmiðið með fjölbreyttum kennslu- og starfsháttum sé að koma til móts við mismunandi þarfir og þekkingu barna og ungmenna (Reykjavíkurborg, 2014).

Þróunarverkefnið *Töfrandi tungumál* varð til í leikskólanum Miðborg þar sem 21 tungumál er talað í barnahópnum og hlutfall barna af erlendum uppruna er um 50%<sup>1</sup>. Leikskólinn Miðborg hlaut styrk frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar til þess að fara af stað með þróunarverkefnið *Töfrandi tungumál* og varði verkefnið frá mars 2017 til desember 2018. Verkefnið fólst í innleiðingu á kennsluaðferð sem kallast LAP (Linguistically Appropriate Practice) í stefnu og starf leikskólans. LAP er kennsluaðferð sem miðar að því að heimamál allra barna séu hluti af skólastarfinu og er aðferðin þróuð í Kanada af Roma Chumak-Horbatsch. Markmiðið með innleiðingu aðferðarinnar var að leikskólinn þróaði þekkingu sína og færni til að beita markvissum aðferðum í vinnu með málþroska og bernskulæsi barna, bæði þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli og þeirra sem læra hana sem annað mál eða viðbótarmál. Þá var lögð áhersla á markvissar leiðir til að styrkja og örva fjölbreytt móðurmál önnur en íslensku ásamt því að styrkja sjálfmynd barna. Tilgangur þróunarverkefnisins var að gera tungumálin í leikskólanum sýnileg í umhverfi hans og að heimamál barnanna yrðu hluti af starfi leikskólans í samstarfi við foreldra. Verkefnið miðaði jafnframt að því að öll börn leikskólans kynntust fjölbreyttum tungumála- og menningarheimum.

Verkefnastjóri þróunarverkefnisins og höfundur skýrslunnar er Saga Stephensen, sem var verkefnastjóri fjölmenningar í leikskólanum Miðborg og deildarstjóri á elstu deild frá haustönn 2017 til haustannar 2018. Kristín Einarsdóttir leikskólastjóri sá um

---

<sup>1</sup> Miðað við 1. október 2018.

fjármálalið verkefnisins og tók þátt í skipulagningu þess og framkvæmd ásamt verkefnastjóra fjölmenningar, teymi *Töfrandi tungumáls*, starfsfólki leikskólans, börnum og foreldrum. Fríða Bjarney Jónsdóttir, þá verkefnastjóri fjölmenningar á leikskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, átti reglulega fundi með verkefnastjóra fjölmenningar í Miðborg þar sem hún veitti ráðgjöf í tengslum við þróunarverkefnið ásamt því að vera teymi þróunarverkefnisins innan handar og sat til að mynda fyrstu tvo fundi teymisins. Hluta þess tíma sem verkefnið stóð yfir var höfundur skýrslunnar í M.Ed. námi í Menntunarfræði leikskóla og framkvæmdi starfendarannsókn um verkefnið undir leiðsögn Karenar Rutar Gísladóttur. Skýrsla þessi er að stórum hluta unnin upp úr M.Ed.-ritgerð um þá starfendarannsókn, eða vinna sem fór fram fyrir maí 2018 þegar ritgerðinni var skilað inn. Áhugasamir geta nálgast ritgerðina hér:

<https://skemman.is/bitstream/1946/31595/1/Saga%20Stephensen%20-%20lokaeintak%20lagf%C3%A6rt.pdf>

## 2. Töfrandi tungumál

Hér verður greint frá vinnu með börnum, kennurum og foreldrum sem miðaði að því að gera heimamál barnanna hluta af starfi leikskólans og sýnileg í umhverfi hans. Í gegnum þá vinnu var leitast við að öll börn leikskólans kynntust fjölbreyttum tungumála- og menningarheimum. Viðhorf og upplifanir barna til verkefnavinnunnar, sem byggir á hugmyndum LAP aðferðarinnar, eru skoðuð ásamt því að ræða um upplifanir foreldra og kennara. Þá verður sagt frá breytingum á starfsháttum sem áttu sér stað á meðan á verkefninu stóð. Byrjað verður á að segja frá leikskólanum Miðborg, aðdraganda þróunarverkefnisins, skipulagi þess og breytingum á umhverfi í 2.1. Þá verður greint frá verkefnavinnu með börnunum í 2.2, þætti kennara í 2.3 og foreldrasamstarfi í 2.4.

### 2.1 Leikskólinn Miðborg

Leikskólinn Miðborg er sjö deilda leikskóli í Reykjavík sem tók til starfa árið 2011 við sameiningu þriggja leikskóla. Hann er starfræktur í þremur húsum og deildirnar eru aldurskiptar. Í leikskólanum eru 111 börn og af þeim eru 52 af erlendum uppruna<sup>2</sup>, það er rétt tæplega helmingur barnanna. Börnin tala 21 mismunandi tungumál, það eru: albanska, arabíska, danska, enska, filippseyska, franska, hollenska, íslenska, ítalska, kínverska (mandarín), lettneska, litháíska, pólska, portúgalska, rúmenska, rússneska, serbneska, spænska, tamíl, víetnamska og þýska. Rúmlega þriðjungur starfsfólks er af erlendum uppruna og eru 12 tungumál töluð í starfsmannahópnum, það eru: arabíska, danska, enska, filippseyska, franska, íslenska, litháíska, norska, pólska, rúmenska, spænska, tyrkneska og úkraínska .

Áherslur leikskólans eru fjölmening, skapandi starf og leikur barna. Í leikskólanum er áhersla á myndrænt umhverfi til þess að ný börn eigi auðveldara með að átta sig á dagskipulagi, leikefni og fái tækifæri til þess að taka þátt í samveru- og lesstundum. Kennarar teikna gjarnan sögur og lagatexta eða nota muni og brúður í samveru- og lesstundum svo að öll börn fái tækifæri til þess að fylgjast með og taka þátt, óháð því hvar þau eru stödd í íslensku. Þá hafa samskiptabækur verið notaðar til þess að sýna foreldrum hvað börn þeirra fást við í leikskólanum og eru þeir hvattir til þess að tala um myndirnar á móðurmáli barnsins. Þegar settar eru myndir að heiman í bækurnar fá kennarar og börn innsýn í heimamenningu barnanna og geta rætt um myndirnar á íslensku. Þannig er leitast við að byggja brú á milli móðurmáls og íslensku tví- og fjöltyngdra barna.

---

<sup>2</sup> Miðað við 1. október 2018.

### 2.1.1 Aðdragandi þróunarverkefnisins

Áður en farið var af stað með þróunarverkefnið voru heimamál barnanna ekki sýnileg í leikskólaumhverfinu, hvorki þegar gengið var inn í leikskólann né inni á deildum. Ýmislegt var samt sem áður gert eins og áður var nefnt, svo sem að teikna texta og sögur, hafa myndrænt umhverfi og notast við samskiptabækur. Það var hins vegar áhugi fyrir því í starfsmannahópnum að vinna enn frekar með heimamál og heimamenningu barnanna. Þegar starfsfólk kynntist hugmyndafræði LAP var komin aðferð til að byggja á sem féll vel að umhverfi og áherslum Miðborgar. Megináherslur í stefnu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningslegt skóla- og frístundastarf, *Heimurinn er hér*, eru fjölbreyttir kennslu- og starfshættir, íslenska sem annað mál, virkt tvítyngi og foreldrasamstarf. Áherslur þróunarverkefnisins ríma því einnig vel við fyrrgreinda þætti í fjölmenningsstefnu skóla- og frístundasviðs.

Leikskólastjóri og verkefnastjóri fjölmenningsar í Miðborg heyrðu af kennsluáðferðinni LAP frá verkefnisstjóra fjölmenningsar í leikskólum í lok árs 2015 og urðu þær áhugasamar um að innleiða aðferðina í leikskólann. Höfundur LAP, Roma Chumak-Horbatsch, kom til Íslands vorið 2016 og þá skráði leikskólastjóri allt starfsfólk leikskólans á námskeið hjá henni. Námskeiðið veitti starfsfólki innblástur og áhugi kviknaði á því í leikskólanum að innleiða aðferðina. Á vorönn 2017 hlaut leikskólinn síðan styrk frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur til þess að fara af stað með verkefnið *Töfrandi tungumál* sem byggir á kennsluáðferðinni LAP. Hér á eftir verður fjallað um hvað felst í þeirri kennsluáðferð og skyldri hugmyndafræði.

### 2.1.2 LAP

Roma Chumak-Horbatsch (2012) hefur þróað kennsluáðferðina LAP (Linguistically Appropriate Practice) sem byggir á niðurstöðum fjölmargra rannsókna sem hafa leitt í ljós að lykillinn að því að efla málþroska og læsi barna með annað móðurmál en ríkjandi er í skólastarfinu, felst í góðu samstarfi við foreldra og markvissri vinnu með nýja málið og móðurmálið. Chumak-Horbatsch, sem þróaði aðferðina í Kanada, hefur meðal annars bent á að of mikil áhersla á að kenna nýja tungumálið í skólanum á kostnað móðurmálsins feli í sér hættu á því að börnin tapi móðurmálinu. Slík málskipti eru talin geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir þróun málþroskans, lestrarnám og tengsl við fjölskyldur þegar fram líða stundir. Mikilvægt er að skólasamfélagið átti sig á því að þar sem börnin tilheyra tveimur menningarumhverfum, heima og í skólanum, séu tungumála- og læsisþarfir þeirra tvíþættar. Það gefur auga leið að tvítyngd börn þurfa að læra meirihlutamálið, eða skólamálið, vel til þess að lifa, læra og starfa í því samfélagi sem þau búa í. Skólamálið er þó aðeins annað þeirra tungumála sem þau þurfa að læra. Í viðbót við skólamálið þá alast börn

af erlendum uppruna upp við annað tungumál, heimamálið, sem mótar sjálfsmýnd þeirra og tengir þau við fjölskyldu, menningu, upprunaland og trúarbrögð. Þess vegna eru tungumála- og læsisþarfir þeirra tvíþættar og þau þarfnast stuðnings við að læra bæði heimamálið og skólamálið. LAP aðferðin styður við málþroska allra barna og víðsýni gagnvart tungumálum (Chumak-Horbatsch, 2012). Einnig styður aðferðin börn með íslensku sem annað mál í að brúa tvo tungumálaheima og foreldra við að efla og viðhalda heimamálinu. Hjá yngstu börnunum, sem eru í máltöku, talar Chumak-Horbatsch (2012) um að LAP viðfangsefnin séu einföld og stýrð af fullorðnum. Hjá eldri börnum eru LAP viðfangsefnin fjölbreyttari, og þegar börn átta sig á því að þeirra heimamál skipar sess í kennslustofunni geta þau orðið virkir þátttakendur og gert verkefnið að sínum. Sem dæmi um viðfangsefni nefnir Chumak-Horbatsch tungumálatré þar sem kveðjur á heimamálum barnanna eru rituð á laufblöð, vinnu með ritmál og töluorð á heimamálum barnanna og vinnu með fána og orð á heimamálum barnanna (Chumak-Horbatsch, 2012).

Það er talinn eðlilegur hluti af málnotkun tvítyngdra að blanda málunum saman (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007) og Chumak-Horbatsch (2012) talar um þessa náttúrulegu hreyfingu tvítyngdra á milli tungumála sem samskipti þvert á tungumál (e. translanguaging). García (2009) talar um mikilvægi fjöltyngdrar kennslu (e. multilingual education) og segir að hún feli ekki aðeins í sér að kenna tvö eða þrjú tungumál heldur þurfi kennslan að byggja á fjöltyngdum aðferðum í samræmi við reynslu og þekkingu nemenda og kennara í tiltekinni skólastofu. Þá er átt við að nemendur geti nýtt bæði eða öll tungumál sín í náminu með það að markmiði að auka virka þátttöku allra og skilning á viðfangsefninu (García, 2009). Samskipti þvert á tungumál gefa tví- og fjöltyngdum nemendum tækifæri á að koma með heimamál sitt inn í skólastofuna og vinna verkefni þar sem þau geta nýtt og þróað þekkingu sína og reynslu á heimamálinu í stað þess að skilja það eftir heima (García og Kleyn, 2016). Þannig að sú þekking sem verður til á sér djúpar rætur í veruhætti barnanna. Schwarzer, Haywood og Lorenzen (2003) segja að kennarar séu færir um að hlúa að fjöllæsi í skólastofunni án þess að tala heimamál nemenda. Þau segja það algengan misskilning að eintyngdir kennarar geti ekki hlúð að fjöllæsi þar sem þeir séu ekki fjöllæsir sjálfir. Kennarar geta skapað fjöltyngt lærdómssamfélag með aðstoð nemenda, foreldra, systkina og annarra í nærsamfélaginu. Í fyrsta lagi þurfi kennarar að átta sig á mikilvægi læsiskennslu í heimamáli barnanna í kennslu á meirihlutamálinu. Í öðru lagi þurfi kennarar að búa til umhverfi í skólastofunni þar sem fjöllæsi þrífst. Dæmi um hugmyndir til þess að skapa slíkt umhverfi má nefna veggspjöld með stafrófum og kveðjum á heimamálum barnanna í skólastofunni, bækur á mismunandi tungumálum og samvinnuverkefni tengt



fjöllæsi með þátttöku meðlima úr nærsamfélaginu sem tala heimamál viðkomandi (Schwarzer, Haywood og Lorenzen, 2003).

### 2.1.3 Skipulag verkefnisins

Í upphafi þróunarverkefnisins var ákveðið að biðja Drífu Þórarinsdóttur um að koma og kynna LAP aðferðina en hún hafði innleitt kennsluaðferðina í leikskólanum Krílakoti á Dalvík þar sem hún var leikskólastjóri. Drífa kom í mars 2017 og hélt kynningu og námskeið á starfsdegi fyrir starfsfólk Miðborgar. Tilgangurinn með því var að auka þekkingu og færni starfsfólks á aðferðafræði LAP og hvernig hægt væri að beita henni í starfi. Í maí 2017 var síðan haldinn kynningarfundur fyrir foreldra og þeim boðið til samstarfs. Á tímabilinu maí til júní 2017 var unnið úr hugmyndum kennara og foreldra og þær lagaðar að starfi leikskólans. Hugmyndafræði LAP ásamt hugmyndum kennara og foreldra voru settar inn á heimasíðu leikskólans og búinn var til samskiptahópur fyrir kennara. Næst voru tungumál barnanna kortlögð, þ.e. skoðað var hvaða tungumál voru töluð á hverri deild og í hverju húsi. Í júní 2017 var svo ákveðið að fara af stað með tungumál vikunnar til þess að hrinda verkefninu í framkvæmd. Þá var umhverfið merkt með tungumáli vikunnar og nýjar merkingar bættust við í hverri viku (sjá nánar í 2.1.4). Veturinn 2017 til 2018 var haldið áfram með tungumál vikunnar og verkefni unnin í tengslum við það. Í nóvember 2017 var stofnað teymi utan um verkefnið með kennurum úr húsunum þremur sem unnu með börnum á mismunandi aldursstigi. Í desember 2018 var spurningakönnun lögð fyrir starfsfólk Miðborgar til þess að meta verkefnið og tekin voru viðtöl við kennara og börn. Innleiðing á verkefninu stóð yfir frá mars 2017 til desember 2018.

### 2.1.4 Tungumál vikunnar

Í tungumálavikunum eru heimamál barna og kennara tekin fyrir. Hugmyndin á bak við tungumál vikunnar er að hvert tungumál fái rými í skipulagi leikskólans og þá er sjónum beint að einu tungumáli í hverri viku. Kennarar kynna tungumálið, fá upplýsingar frá foreldrum um hvernig orð eins og *fataklefi*, *salerni*, *listasmiðja*, *eldhús*, *góðan dag* og *velkomin* eru skrifuð á tungumálinu og merkja umhverfið. Í tungumálavikunum er heilsað og kvatt á tungumáli vikunnar og börn og starfsfólk læra nokkur orð á tungumálinu og/eða lag, gjarnan í samverustundum og við matarborðið en einnig fyrir utan það. Þá eru foreldrar hvattir til þess að koma og lesa fyrir börnin, kenna þeim lag, telja á tungumálinu eða hvað sem þeim dettur í hug. Börnin eru líka hvött til þess að koma með bækur á sínu heimamáli í leikskólann. Einnig er reynt að tengja þema mánaðarins við tungumálin í leikskólanum. Sem dæmi þá var þema febrúarmánaðar ævintýri en þá voru foreldrar

beðnir um að koma með eða segja frá ævintýri á heimamáli barnanna ásamt því að safna ævintýrum, svo sem Rauðhettu, á mörgum tungumálum.

## 2.2 Þáttur kennara

Hér verður farið yfir hvernig undirbúningi, innleiðingu og þróun verkefnisins var háttað, þátttöku kennara og hlutverk teymis *Töfrandi tungumáls*.

### 2.2.1 Innleiðing á kennsluaðferðinni LAP

Á kynningu Drífu Þórarinsdóttur í mars 2017 kom fram mikill áhugi hjá starfsfólki og það spruttu upp líflegar umræður um verkefnið, bæði um það sem gert var í leikskólanum Kríflakoti, verkefnið „Söguskjóður“ og hugmyndir um hvað hægt væri að gera í leikskólanum Miðborg. Í lok starfsdagsins fór verkefnastjóri yfir hvað verið væri að gera nú þegar í leikskólanum, eins og að teikna lagatexta, nota muni og brúður í sögustundum, sögutaska sem fór heim og samskiptabækur. Í framhaldinu ræddi starfsmannahópurinn hvaða verkefni væri áhugi á að fara í og hvernig hann sæi LAP fyrir sér í Miðborg. Starfsfólk var sammála um að mikilvægt væri að gera verkefnið að sínum og tengja við þann veruleika og menningu sem væri í leikskólanum. Eftirfarandi hugmyndir skráði verkefnastjóri eftir umræður í hópum:

- Merkja umhverfið á mismunandi tungumálum, *fataklefa, salerni, þvottahús, listasmiðju, skrifstofu, kaffistofu og eldhús*. Biðja foreldra um aðstoð við að þýða orðin.
- Tónlist að heiman. Biðja foreldra um lög sem börnin hlusta á heima. Læra lög á mismunandi tungumálum.
- Tungumál vikunnar/orð vikunnar. Hugmynd um að leggja áherslu á/læra um eitt tungumál í viku í senn.
- Sögustundir með foreldrum. Bjóða foreldrum að koma og lesa fyrir börnin á þeirra móðurmáli.
- Samskiptabækur fyrir öll börn.

Eftir starfsdaginn kortlagði verkefnastjóri, með hjálp deildarstjóra, hvaða tungumál væru töluð í leikskólanum Miðborg, í hverju húsi fyrir sig. Á þeim tíma voru töluð 20 tungumál í leikskólanum. Þessi kortlagning var mikilvæg til þess að sjá á hvaða tungumálum ætti að merkja leikskólann. Í framhaldinu var ákveðið að fara af stað með tungumál vikunnar en sú leið gengur út á að beina sjónum að einu tungumáli í hverri viku. Verkefnastjóri taldi þessa áherslu góða til að hefja verkefnið og að merkingum yrði þá bætt við jafnóðum á tungumáli vikunnar. Það var ákveðið að fara strax af stað, taka fyrir fimm tungumál fyrir sumarfrí og setja svo meiri kraft í þá vinnu um haustið.

Á myndinni hér til hægri er dæmi um hvernig tungumálavikan var kynnt fyrir foreldrum en þarna er pólska tungumál vikunnar. Á blaðinu á töflunni eru eftirfarandi skilaboð til foreldra á íslensku, ensku og í þessu tilviki pólsku þar sem það var tungumál vikunnar:

Dzien dobry! Góðan dag! Í þessari viku er pólska tungumál vikunnar í Miðborg. Við viljum gjarnan læra nokkur orð og lög á pólsku. Ef þið eigið einhverjar uppáhaldsbækur eða kunnið einhver lög á pólsku þá væri frábært ef þið vilduð sýna okkur eða segja okkur frá þeim ☺



Á mótunartíma verkefnisins eða í maí 2017 vildi svo vel til að kennarar leikskólans fóru í námsferð til London og Corby til þess meðal annars að skoða fjölmennningarlegt starf í leikskólum þar. Margir kennarar fengu innblástur í þeirri ferð og hugmyndir um aukið foreldrasamstarf, fjölskyldumiðstöð, lykilpersónu í móttöku barna, skráningarbækur, vinnu út frá áhuga barnanna, flæði í leik og tungumál barnanna sem hluta af starfinu þróuðust í kjölfarið. Vinnan og ígrundunin í kringum námsferðina skilaði sér inn í mótun þróunarverkefnisins.

Til að halda utan um upplýsingar um verkefnið og deila hugmyndum milli starfsfólks var opnað samskiptasvæði fyrir starfsfólk leikskólans. Á samskiptasvæðinu var fólk hvatt til þess að setja inn myndir af því sem verið væri að gera í tengslum við þróunarverkefnið og þar fóru einnig fram umræður. Þarna birtust til dæmis myndir og myndbönd af því þegar foreldrar komu og lásu fyrir börnin. Þá voru líka myndir af börnunum að hengja upp og aðstoða með merkingar. Verkefnastjóri setti inn upplýsingar um tungumál vikunnar á samskiptasvæðið og deildarstjórar kynntu hugmyndina einnig á deildarfundum. Það að setja hugmyndir, upplýsingar og umræður inn á sameiginlegt svæði gerði vinnu skólans sýnilega starfsfólki allra deilda og þannig urðu til tækifæri til að kveikja frekari hugmyndir um hvernig mætti þróa það starf sem verið var að vinna. Þá voru hugmyndir um framvindu þróunarverkefnisins ræddar á deildarstjórafundum um vorið 2017.

Á starfsdeginum, í mars 2017, höfðu bæði verið umræður í 5-6 manna hópum og með öllum starfshópnum. Umræður starfsfólks, þar sem fólk deildi hugmyndum, skiptist á skoðunum og ígrundaði starfið, virðast hafa haft jákvæð og hvetjandi áhrif á starfið. Á starfsdeginum var sammælt um að fara í ákveðin verkefni en síðan útfærði hver deild það með sínum hætti (sjá fylgiskjal A6).

Stuttu eftir að farið var af stað með tungumál vikunnar ákvað einn kennari á deild þriggja til fimm ára barna að safna saman *góðan dag* á tungumálum deildarinnar með hjálp foreldra og hengdi kveðjurnar upp fyrir framan deildina. Kennarinn fór í þetta tiltekna verkefni eftir deildarfund þar sem deildarstjórinn hvatti starfsfólk á deildinni almennt til þess að vinna



sjálfstætt og nýta áhuga sinn og þekkingu í starfinu. Á annarri deild var kennari sem talaði pólsku að móðurmáli og hvatti deildarstjóri hana til þess að vinna með pólsku þegar pólska var tungumál vikunnar. Í samvinnu við börnin varð til verkefnið sem má sjá hér að neðan en börnin teiknuðu mynd og kennarinn skrifaði eða aðstoðaði börnin við að skrifa orðin á



íslensku og pólsku. Þetta frumkvæði kennaranna sýnir hvernig meðvituð vinna með tungumál í leikskólanum getur hvatt starfsfólk til þess að þróa og framkvæma nýjar hugmyndir áfram með tungumál barnanna í huga. Með umræðum á starfsdegi, á samskiptasvæði og deildarfundum var mögulega búið að ná að opna rými fyrir kennara þar sem þeir gátu útfært hugmyndir upp á eigin spýtur. Til þess að þróunarverkefnið dafni og verði hluti af starfinu er mikilvægt að allir fái hlutdeild í því og finni að allir beri ábyrgð á innleiðingunni saman.

Starfsmannahald í leikskólanum, og öðrum leikskólum í Reykjavík, var fremur erfitt haustið 2017 þar sem ekki náðist að ráða í allar stöður og var undirmönnun á öllum deildum. Af þessum sökum var ekki byrjað á verkefningu um haustið af þeim krafti sem til stóð eða ekki fyrr en í nóvember en þá var verkefnastjóri með upprifjun á verkefningu og kynningu fyrir nýtt starfsfólk á starfsdegi. Þá var greint frá því að það væri komið teymi utan um verkefnið, einn úr hverju húsi og fyrir hvert aldursstig, sem áætlaði að hittast á sex vikna fresti. Á starfsdeginum var ákveðið að halda áfram með tungumál vikunnar og byrja að merkja eftirfarandi staði á tungumálum hvers húss: *salerni, fataklefa, skrifstofu, kaffistofu, eldhús, listasmiðju* og *þvottahús*. Ákveðið var að senda foreldrum lista með þessum orðum og biðja þá um að þýða orðin yfir á heimamál barnanna. Það voru ýmis smáatriði í kringum þessa vinnu sem þurfti að komast að samkomulagi um. Rætt var um útlit merkinganna sem dæmi og hætt var við að hafa einn lit fyrir hvert tungumál, tungumálin væru það mörg að það yrði flókið. Einhver stakk upp á að tungumálin yrðu

merkt með fánum en það var slegið út af borðinu þar sem sum tungumál eru töluð í fleiri en einu landi og einnig geta fánar verið viðkvæmir af ýmsum ástæðum, til dæmis fyrir þá sem hafa flúið land. Úr varð að hafa nafn tungumálsins í sviga fyrir aftan orðin, dæmi: *Konyha (ungverska)*. Orðalistarnir yrðu svo settir inn á samskiptasvæðið þar sem hægt væri að prenta þá út. Stuttu eftir starfsdaginn var teymisfundur *Töfrandi tungumáls* og þá var tungumálum leikskólans raðað niður á vikur. Þá var einnig rætt í hvaða hæð merkingarnar ættu að vera, í hæð barna eða fullorðinna. Hugsunin á bak við það var hvort merkingarnar ættu að beinast að börnunum eða foreldrunum.

### 2.2.2 Teymi Töfrandi tungumáls

Í nóvember 2017 var ákveðið að stofna teymi utan um þróunarverkefnið til þess að aðrir kennarar fengju hlutdeild í verkefninu, að ákveðið yrði í sameiningu hvernig og hvaða vinnu væri farið í. Verkefnastjóri fjölmenningar var líka orðin deildarstjóri á elstu deild og því föst á einni deild í stað þess að fara á milli deilda eins og áður. Eftir að teymið var stofnað þróaðist verkefnið í jákvæða átt og á fundunum gafst tækifæri til þess að ræða hugmyndir og ígrunda það sem verið var að gera og fá fleiri sjónarhorn á starfið. Þá auðveldaði það verkefnastjóra að fylgjast með hvað verið var að gera á öðrum deildum og hver staðan á verkefninu væri. Á fyrsta fundi teymisins, 27. nóvember 2017, var röðin á tungumálum vikunnar ákveðin og einnig voru hugmyndir í tengslum við tungumálavikurnar ræddar. Þá var ákveðið hvernig merkingarnar ættu að vera og hvernig hægt væri að tengja verkefnið við þemu leikskólans. Í lok fundarins opnaði ein hóp fyrir teymið á samskiptasvæði til þess að teymið gæti rætt saman á milli funda, deilt hugmyndum og haldið utan um fundargerðir. Á fundunum, sem voru fimm samtals á tímabilinu, var farið yfir stöðu verkefnisins, hvað gengi vel og hvað væri hægt að bæta ásamt því að ræða hugmyndir um áframhald þess.

## 2.3 Þátttaka barna

Þátttaka barna fólst í verkefnavinnu með börnunum, bæði hálfskipulagðri og sjálfsprottinni, þar sem tungumál allra fengu að njóta sín og voru verkefnin löguð að mismunandi aldurshópum. Mörg verkefnanna voru unnin eða urðu til þegar börnin voru í frjálsum leik eða flæði, það er þau komu og fóru að vild. Því voru sum börn þátttakendur í stutta stund en önnur í lengri tíma. Verkefnin voru unnin í samstarfi við börn og foreldra, sótt í þeirra heimameningu, svo sem tónlist, bækur og áhugamál. Vinnan í tengslum við tungumál vikunnar og merkingar á umhverfi fléttaðist inn í daglegt starf eins og farið verður yfir hér á eftir.

### 2.3.1 Merkingar á umhverfi

Í hverju húsi var byrjað á því að hafa *velkomin* á tungumálum hússins sýnilegt þegar komið var inn í leikskólann. Um vorið 2017 vann verkefnastjóri fjölmenningar það með 3-6 ára börnum í hverju húsi fyrir sig. Vinnan byrjaði gjarnan á því að setjast niður með efnivið, málningu, liti, blöð og orð frá foreldrum á miða, og þá urðu sum börn forvitin og vildu hjálpa til, annað hvort með því að skrifa eða myndskreyta. Á myndunum hér að neðan má sjá hvernig börnin á elstu deildinni urðu virkir þátttakendur í þeirri vinnu.



Verkefnastjóri settist við borð þar sem börn voru að lita og byrjaði að skrifa *velkomin* á nokkrum tungumálum. Sum börn urðu áhugasöm og forvitin, reyndu að lesa það sem stóð á miðunum og upp úr því spruttu umræður um tungumálin sem töluð væru á deildinni. Einnig kom til tals hvernig best væri að bjóða fólk velkomið sem kæmi inn í leikskólann. Börnin voru með ýmsar hugmyndir og komust að því að þau vildu hengja merkingarnar fyrir framan fataklefa beggja deilda því það væru tveir inngangar. Sum börnin voru áhugasöm um að skrifa orðin og önnur höfðu áhuga á myndskreytingum. Þar sem mikið var um útiveru á þessum árstíma færðist verkefnið út á leikskólalóð.





Börnin tvö á myndunum hér að ofan útfærðu verkefnið hvort á sinn hátt. Stúlkan á myndunum til vinstri fór um alla skólalóð og teiknaði hvert barn en með því vildi hún sýna að börnin í leikskólanum byðu fólk velkomið í leikskólann. Drengurinn á myndunum til hægri skrifaði velkomin á tungumálum deildarinnar og taldi öll börnin á deildinni, hvað væru margir drengir og hvað væru margar stúlkur og skrifaði tölurnar á blaðið. Börnin tvö sökktu sér í verkefnið, unnu að því yfir nokkra daga og þróuðu það áfram sjálf. Stúlkan varð mun áhugasamari um sitt heimamál, litháísku, eftir þessa vinnu en hún hafði ekki sýnt tungumálinu mikinn áhuga í leikskólanum áður. Drengurinn, fjöltyngdur, varð áhugasamur um mismunandi tungumál og fór að bera saman orðin sem hann skrifaði á ólíkum tungumálum. Sum barnanna vildu skrifa orð á sínu heimamáli og önnur á tungumáli sem þau könnuðust við eða vildu læra. Mörg vildu læra tungumál sem vinir þeirra töluðu. Sum börnin sýndu verkefninu mikinn áhuga og hugmyndaflug og sköpun þeirra réðu ferðinni. Fyrir sumarlokun í júlí 2017 var búið að skrifa og hengja upp „velkomin“ á tungumálum húsanna þriggja og á nokkrum deildum var líka búið að hengja upp „góðan dag“ á tungumálum deildanna.

Merkingar á umhverfinu á mismunandi tungumálum tóku á sig ýmsar myndir. Á myndinni hér til hliðar má sjá tungumálatré sem varð til í haustþemanu á elstu deildinni í september 2017. Börnin höfðu verið að skoða og tína mismunandi laufblöð úti í garði og í gönguferðum. Rætt var um merkingarnar á deildinni, *velkomin* miðana sem héngu í fataklefum barnanna og töluðum um hvort það ætti að bæta einhverju við, til dæmis þegar gengið væri inn á deildina. Nokkur barnanna stungu upp á að búa til tungumálatré og skrifa *góðan daginn* á tungumálum deildarinnar en þau höfðu gert slíkt



tré fyrir Barnamenningarhátíð á deildinni sem þau voru á áður. Börnin máluðu mismunandi laufblöð og foreldrar þeirra voru beðnir um að skrifa *góðan daginn* á tungumálum hússins. Nokkrum dögum eftir að tréð var komið upp var búið að bæta við litlu laufblaði við hliðina á trénu sem á var skrifað *Guten Tag*. Þá kom í ljós að stúlka á deildinni hafði gert þetta en hún átti þýskan afa og vildi því skrifa á þýsku. Annað barn hafði valið að skrifa á þýsku á sitt laufblað þannig að stúlkan tók til þessa ráðs, að bæta öðru laufblaði við. Sum barnanna drógu foreldra sína inn til þess að skoða tréð og sýndu stolt að þarna stæði *góðan dag* á þeirra tungumáli. Nokkur börn með íslensku að móðurmáli vildu einnig sýna foreldrum sínum tréð og sögðu þá frá því að þau hefðu skrifað *góðan dag* á íslensku eða öðru tungumáli sem þau kynnu svolítið í. Þá var stúlka sem talaði albönsku nýbyrjuð á deildinni en kennararnir á deildinni áttu í daglegum samskiptum við foreldra hennar í gegnum þýðingarforrit þar sem ekki var um sameiginlegt tungumál að ræða. Móðir stúlkunnar skrifaði *góðan dag* á albönsku til þess að hengja á tréð og stúlkan brosti út að eyrum og horfði stolt á móður sína sýna kennurunum hvernig ætti að skrifa *góðan dag* á albönsku.

Þegar byrjað var á að klippa merkingarnar út inni á elstu deildinni hafði ekki verið tekin ákvörðun um í hvaða hæð þær yrðu hengdar upp. Sum börn voru forvitin og áhugasöm um að hjálpa til við að klippa miðana út og hengja þá upp. Málið leystist því að sjálfu sér þar sem börnin hengdu merkingarnar upp í sína hæð. Með því að hafa þær í hæð barnanna geta þau skoðað, jafnvel lesið, á miðana og séð mismunandi letur. Tungumálin eru mörg í hverju húsi og því nær efri hlutinn upp í hæð fullorðinna og þeir geta líka beygt sig niður til þess að skoða og lesa með börnum sínum. Á yngstu deildunum voru merkingarnar hengdar hærra upp til þess að börnin tækju þær ekki niður.



Þegar verið var að vinna með merkingarnar inni á elstu deildinni reyndu börnin gjarnan að lesa á miðana, bera saman tungumálin og segja hvernig hitt og þetta væri á tungumáli sem þau þekktu. Í einu af þessum skiptum var spænska tungumál vikunnar. Pólska hafði verið tungumál vikunnar þremur vikum áður og því var búið að merkja staði á pólsku. Verkefnastjóri sat við borð þar sem nokkur börn voru að lita og þá átti eftirfarandi samtal



sér stað á milli hennar og tveggja stúlkna, báðar með íslensku að móðurmáli, sem hér eru kallaðar Emma og Lena.

Emma: Hvað stendur hér?

Kennari: Cocina.

Emma: Hvað er það?

Kennari: Það er eldhús á spænsku.

Emma: Hei, það er næstum því eins og eldhús á pólsku!

Kennari: Einmitt, eldhús á pólsku og spænsku er svolítið líkt. Hér stendur svo baño sem er salerni eða klósett á spænsku.

Emma: Ég var á baño áðan.

Lena: Ég var líka á baño áðan.

Í gegnum þessi stuttu samskipti kemur í ljós mikilvægi þess að vinna með og halda mismunandi tungumálum að börnum. Ekki hafði sérstaklega verið rætt um orðin sem verið var að merkja umhverfið með. Þau eru hins vegar sýnileg og börnin skoða þau og spyrja gjarnan út í þau. Emma fór að bera saman tvö tungumál sem hún talar ekki og áttaði sig á líkindum. Í kjölfarið fóru Emma og Lena að leika sér með tungumálin og blanda þeim saman til að skapa merkingu með því að skella *baño* á spænsku inn í setningu á íslensku. Lena fylgdist með samtalinu frá upphafi og tók svo þátt í leiknum. Bæði þessi dæmi gefa vísbendingu um meðvitund og virðingu stúlkanna fyrir mismunandi tungumálum. Þá varð líka ljóst hversu mikið væri hægt að fá út úr þessari vinnu með því að útbúa merkingarnar fyrir framan og með börnunum.



Velkomin á tungumálum deildarinnar.

### 2.3.2 Vinna með mismunandi tungumál

Eftirfarandi verkefni var unnið með 4-5 ára börnum þegar verkefnastjóri fór á milli deilda vorið 2017, en hópurinn hittist einu sinni í viku á elstu deildinni. Fjórtán börn af þrjátíu og einu voru tví- eða fjöltyngd í hópnum og tungumálin sem þau töluðu voru íslenska, víetnamska, arabíska, pólska, enska, portúgalska, ungerska, franska, spænska og filippseyska. Í eitt skiptið þegar hópurinn hittist var byrjað á því að setjast í hring og verkefnastjóri sagði þeim hvað væru töluð mörg tungumál í Miðborg og hvað væru töluð mörg tungumál í heiminum. Því næst teiknaði verkefnastjóri sjálfmynd fyrir framan hópinn og litaði með mismunandi litum inn á myndina tungumálin sem hún talar vel, tungumál sem hún lærði í skóla og tungumálin sem hana langaði til að læra. Til dæmis litaði verkefnastjóri inn á höfuðið með bláum og rauðum sem tákn fyrir íslensku og dönsku. Hún sagði frá því að hún flutti til Danmerkur 9 ára og lærði dönsku og til Japans og Bretlands þegar hún var fullorðin og lærði japönsku og ensku. Þá réttu margir upp hönd og börnin sögðu meðal annars: „Í Frakklandi er töluð franska.“ „Mig langar að læra portúgölsku.“ „Ég

á heima í Svíþjóð og einu sinni í Frakklandi. Ég tala sænsku, íslensku, frönsku og ensku.“ „Ég fór til Spánar og mamma kenndi mér að segja *hola, gracias og adios*.“ „Mig langar að læra pólsku.“ „Mamma mín talar filippseysku.“ „Mamma mín og pabbi tala ensku.“ Síðan sagði einn kennari í hópnum frá því að hún hefði fæðst í Litháen og að móðurmálið hennar væri litháíska. Hún flutti til Íslands þegar hún var 26 ára og byrjaði að læra íslensku sem henni fannst mjög gaman. Hún sagðist enn alltaf vera að læra ný orð á íslensku. Annar kennari sagðist hafa fæðst í Póllandi og flust til Íslands þegar hún var fullorðin og lærði íslensku. Hún spurði hverjir töluðu pólsku í hópnum og nokkur börn réttu upp hönd. Önnur bættu við að þau langaði til þess að læra pólsku og enn önnur vildu læra portúgölsku og frönsku. Mörg þeirra sögðust tala ensku. Síðan var rætt um að þó að íslenska væri töluð á Íslandi þá væru samt margir sem töluðu pólsku, ensku og mörg önnur tungumál. Hópurinn æfði sig í að segja *halló* á ýmsum tungumálum, einn strákur kenndi hópnum að segja *halló* á pólsku og ein stúlka kenndi að segja *halló* á portúgölsku og frönsku. Eftir þessar umræður í hópnum settust börnin við borð og teiknuðu sjálfsmyndir og merktu inn á hvaða tungumál þau kynnu og hvaða tungumál þau vildu læra (sjá myndir hér að neðan).



„Íslenskan er brún. Hér er það sem mig langar að læra. Mig langar að læra portúgölsku og pólsku.“



„Þetta er tungumáladrottning. Þetta fjólubláa er portúgalska og þetta brúna er íslenska.“



Íslenskudrottning.

Umræður um tungumál fóru líka gjarnan fram við matarborðið og í samverustundum. Einnig var farið reglulega á bókasafnið og teknar bækur sem voru til á heimamálum barnanna. Einn daginn kom faðir drengs og spurði hvort hann gæti talað við matráðinn, sem talar pólsku, því strákurinn hans væri svo áhugasamur um að vita hvernig gómsætt væri á pólsku. Daginn áður höfðu börnin við borð drengsins verið að tala um hvernig gómsætt væri á mismunandi tungumálum og þessi tiltekni drengur átti vin sem talaði pólsku og vildi því vita hvað orðið væri. Vinnan og umræðurnar höfðu þau áhrif að börnin urðu meðvitaðri um tungumál, fóru að tala um mismunandi tungumál heima og sín á milli í leikskólanum að eigin frumkvæði.

Þegar spænska var tungumál vikunnar það stúlka sem er með spænsku og íslensku að móðurmáli um að vera með sögustund fyrir börnin á elstu deild. Hún fer sjálf reglulega á milli Íslands og Spánar og í sögustundinni sagði hún frá ævintýrum stúlku á leið til Spánar yfir hafið. Frásögnin var á íslensku en hún kenndi börnunum jafnframt nokkur orð á spænsku.

Í febrúar 2018 voru börnin á elstu deildinni beðin um að teikna heimsálfa til þess að auglýsa sögustundir á nokkrum tungumálum sem Borgarbókasafnið bauð upp á en stundirnar kallast *Heimsálfar*. Í hugum barnanna tala heimsálfar mörg tungumál. Sumir álfarnir tala öll tungumál í heiminum, aðrir ensku, dönsku, filippseysku, pólsku, íslensku, frönsku og fleiri. Börnin á myndinni hér að neðan vildu teikna filippseyska fánann og notuðu mynd á ípad til þess að teikna eftir.



Bátur, sem stúlkan bjó til fyrir sögustundina, á leið frá Íslandi til Spánar.



### 2.3.3 Að skapa samtöl í gegnum persónubrúður


Þann 21. febrúar ár hvert er alþjóðadagur móðurmálsins. Þann dag árið 2018 var verkefnastjóri á deild 3-5 ára barna. Hún settist á gólfíð með níu börnum, fjórum með íslensku að móðurmáli og fimm með annað móðurmál en íslensku. Börnin voru kynnt fyrir Aishu sem er persónubrúða. Persónubrúður (e. persona dolls) eru ólíkar öðrum dúkkum þar sem þær eru ætlaðar kennurum í vinnu með börnum (Brown, 2001). Þær má nota til þess að byggja upp sjálfstraust barna, ræða um hegðun og framkomu, vinna gegn fordómum og mismunum í barnahópnum (Fríða B. Jónsdóttir, Anna Þ. Ingólfsdóttir og Elsa S. Jónsdóttir, 2005). Búin er til saga fyrir hverja brúðu þar sem þær fá persónuleika, fjölskyldu, menningarbakgrunn og áhugamál. Sögurnar sem búnar eru til fyrir brúðurnar eru ætlaðar til að gefa börnum tæki til að kanna jákvæðar og neikvæðar tilfinningar hjá sér. Börnin prófa sig þannig áfram og leita leiða sjálf í stað þess að kennarinn segi þeim hvað sé rétt eða rangt (Brown, 2001). Notuð var persónubrúða með börnunum og búin til bakgrunnssaga fyrir hana í tengslum við verkefnið sem átti að vinna í tengslum við alþjóðadag móðurmálsins. Verkefnið fólst í því að börnin settu sig í þau spor að vera

nýbyrjuð í leikskóla og tala annað tungumál en talað væri í nýja leikskólanum. Brúðan fékk því hlutverk nýja barnsins, talaði sitt heimamál og var byrjandi í íslensku. Börnin fengu að vita að Aisha væri fjögurra ára, væri nýflutt til Íslands frá Tansaníu, talaði svahílí og væri að læra íslensku. Börnin voru forvitin um brúðuna og einn drengurinn spurði hvort hún væri nokkuð til í alvörunni. Rætt var um að hún væri brúða en ætti samt sína sögu, alveg eins og til dæmis Köngulóarmaðurinn eða Bangsímon. Síðan voru börnin spurð hvernig þau héldu að það væri að byrja í nýjum leikskóla með nýjum börnum, nýjum kennurum og nýju tungumáli. Nokkur voru sammála um að hún væri líklega feimin, einn drengurinn sagði að hún gæti væri hrædd og ein stúlkan að hún væri kannski spennt að sjá dótið. Þá voru börnin spurð: Hvað viljið þið sýna Aishu? Hvað þarf hún að vita? Hvað getum við gert til þess að bjóða hana velkomna? Börnin svöruðu eftirfarandi:

- Sýna henni málningu og liti.
- Við getum sagt henni hvað allir í leikskólanum heita.
- Sýna henni löggubílinn sem við erum að búa til.
- Sýna henni bílana.
- Leika við hana.
- Sýna henni hvar deildirnar eru.
- Sýna henni hvar bækurnar eru.
- Knúsa.
- Leika með henni í dúkkukrók.
- Sýna dót.
- Byggja úr legó.
- Bjóða henni heim.
- Kenna henni að segja góðan daginn á íslensku.

Svör barnanna sýna að þau gátu sett sig í spor nýja barnsins og að þau búa yfir ýmsum hugmyndum um hvað sé mikilvægt þegar kemur að því að bjóða ný börn velkomin í leikskólann. Í svörum þeirra kom fram að vinátta og væntumþykja eru mikilvæg fyrir ný börn sem og að þekkja staðinn. Verkefnastjóri spurði hvort Aisha gæti kennt okkur eitthvað og einn drengur stakk upp á að hún gæti kannski kennt okkur að segja *halló* á svahílí. Með hjálp þýðingarforrits komumst við að því og börnunum fannst gaman að æfa sig að segja *hujambo* eða *halló* á svahílí. Verkefnið þróaðist þannig að sum börn fóru að taka myndir á deildinni af því sem þau vildu sýna Aishu, önnur teiknuðu mynd eða bjuggu til eitthvað fyrir hana og enn önnur tóku hana með sér í leik. Þegar börnin tóku myndir af því sem þau vildu sýna Aishu bættist ýmislegt við það sem þau höfðu talað um áður. Ein stúlkan, sem hafði ekki sagt neitt í umræðunum, tók margar myndir og vildi sýna Aishu hvað henni þætti skemmtilegt að gera í leikskólanum. Verkefnið var um morguninn og seinnipartinn fór verkefnastjóri til stúlku og drengs sem höfðu verið í hópnum um morguninn en þau voru að lita. Hún settist hjá þeim og spurði hvað þau væru að gera. „Nú, ég er að teikna mynd fyrir Aishu. Ég er að teikna mynd af Putta og nátttröllinu,“ svaraði drengurinn eins og ekkert væri sjálfsgæðara. Fyrr um daginn hafði hann sagt Aishu söguna af grísunum þremur

um leið og hann teiknaði söguna á tússtöflu (sjá mynd að neðan til vinstri). Svo spurði hann: „Geturðu kannski spilað lag á þarna svahílí, tungumálinu sem Aisha talar?“ Til þess að gera afrakstur þessarar vinnu sýnilegan prentaði verkefnastjóri út myndirnar sem börnin höfðu tekið og myndir sem hún hafði tekið af börnunum. Myndirnar voru límdar á karton með texta við og hengdar fram á gang, á milli deildanna í húsinu þar sem börn, foreldrar og kennarar ganga framhjá á hverjum degi (sjá mynd að neðan til hægri).



Á myndunum hér að neðan má sjá að Aisha fékk mynd að gjöf og henni var boðið í leik með börnunum, til dæmis var henni boðið í hlutverkaleik og legó. Aisha var með börnunum á deildinni þennan dag og þegar verkefnastjóri fór með Aishu í lok dags spurði einn drengurinn hvenær hún kæmi eiginlega aftur.



Önnur persónubrúða, Paul, fór í heimsókn á deild þriggja og fjögurra ára barna og var með börnunum einn morgun. Börnin höfðu nýlega verið að vinna verkefni um þau sjálf þar sem límd var mynd af þeim á blað og þau sögðu frá og teiknuðu hvað þau hétu, væru gömul, hvaða tungumál þau töluðu, hvað þeim fyndist gott að borða, skemmtilegt að gera og hverjir byggju á heimili þeirra. Deildarstjóranum datt í hug að búa til slíkt blað fyrir Paul með upplýsingum um hann og sum börnin voru mjög áhugasöm um að hjálpa honum að teikna myndir af uppáhaldsmatnum hans og fleiru, sjá myndir hér að neðan. Seinna var honum boðið í leik í dúkkukrók þar sem hann fékk hlutverk bróðursins og á myndinni lengst til hægri er „mamman“ að lesa fyrir hann fyrir svefninn.



### 2.3.4 Bókagerð og vinna með ritmál

Eitt af þeim verkefnum sem urðu til með börnum á elstu deildinni var ævintýrabók. Þemað í febrúar var ævintýri og byrjaði deildarstjóri á því að senda foreldrum póst og hvatti þá til þess að segja frá upphaldsævintýrum barnanna og að það væri gaman ef þau kæmu með ævintýrabók að heiman ef þau ættu. Ein stúlka kom með ævintýrabók á frönsku og einn faðir sendi tengil á ævintýri á ungversku. Nokkrir foreldrar sendu nöfnin á upphaldsævintýrum barna sinna. Verkefnastjóri sat við borð og nokkur börn komu og völdu að búa til ævintýrabók, sum stöldruðu stutt við en önnur dunduðu sér í rúmlega klukkutíma. Dagana áður höfðu börnin verið að búa til bækur sjálf og því var ákveðið að grípa þann áhuga. Verkefnastjóra datt í hug að hægt væri að búa til bók með ævintýrum á mörgum tungumálum. Á deildinni var búið að vera að vinna með Jóa og baunagrasið og Greppikló í leshópunum og því fannst henni sniðugt að safna þeim á nokkrum tungumálum. Börnin voru hins vegar á öðru máli, þau vildu velja sér ævintýri og ákveða á hvaða tungumáli þau ættu að vera. Ein vildi skrifa og myndskreyta Bangsímon á ensku, önnur Fríðu og dýrið og fleiri ævintýri á spænsku, önnur Litlu hafmeyjuna á frönsku, önnur Þyrnirós á íslensku og síðasta Jóa og baunagrasið á filippseyksku. Sum börn völdu að skrifa á sínu móðurmáli en önnur á tungumáli sem þau sögðust kunna nokkur orð í eða vildu læra. Einn kennarinn á deildinni talar spænsku þannig að hún var fengin í þýðingar. Stúlkan sem vildi skrifa á spænsku sagði: „María talar spænsku, hún getur sýnt mér.“ Síðan kallaði hún á kennarann og spurði: „Hvernig segir maður: Einu sinni var stelpa sem heitir Fríða sem átti heima í litlu húsi.“ María þýddi setninguna og skrifaði á blað og stúlkan hermdi svo eftir því sem kennarinn hafði skrifað og myndskreytti ævintýrið. Hún sat lengi við og skrifaði setninguna og ákvað að láta hana duga. Það var áhugavert að fylgjast með þessu ferli hjá börnunum og



eins og gjarnan þá fór verkefnið öðruvísi en kennarinn hafði hugsað sér í upphafi. Börnin, eins og stúlkan sem vildi skrifa á spænsku, sýndu því áhuga að læra ný tungumál og prófa sig áfram. Önnur stúlka, með íslensku að móðurmáli, vildi skrifa á íslensku og notaði orðaförða í frásögn sinni sem ekki öll börnin í hópnum þekktu. Þá gafst tækifæri til þess að tala um og útskýra orðin. Stúlkan virtist stolt yfir því að geta útskýrt og kennt orð. Í upphafi vinnunnar var rætt um hvernig bækur væru búnar til, bækurnar sem börnin komu með að heiman voru skoðaðar, kápa, forsíða, titilsíða og svo framvegis. Börnin vildu hafa mynd af sér aftast í bókinni og upplýsingar um sig, ein stúlkan sagði að það væri oft í bókum. Þegar börnin voru að skrifa orð eða setningar á mismunandi tungumálum tóku þau eftir að sumir stafirnir voru öðruvísi en á íslensku. Ein fór til dæmis að hlæja þegar hún sá tvöfalt vaff því henni fannst emmið vera á hvolfi. Í framhaldi af þessu verkefni var ákveðið að prenta út stafróf allra tungumála deildarinnar og þau hengd upp vegna þess að börnin fengu mikinn áhuga á mismunandi ritmáli. Þá sögðu nokkrir foreldrar frá því að börnin væru að læra að skrifa heima á móðurmáli sínu. Á myndinni hér til hægri eru börnin að hjálpa til við að setja upp stafrófin og skoða stafina í leiðinni.



Stafróf á tungumálum barnanna á elstu deild Miðborgar.


### 2.3.5 Heimamenning

Í leikskólanum Miðborg er áhersla á að heimamenning allra barna fái að njóta sín í leikskólanum þar sem hún er talin hafa jákvæð áhrif á sjálfsmynd barna. Einn mánuður, marsmánuður, er því tileinkaður þemanu heimamenning í leikskólanum. Ein af þeim hugmyndum sem komu frá foreldrum á kynningarfundi fyrir þá var að börnin kynntu sína persónulegu menningu, myndu jafnvel halda Menningarmót. Hugsunin með Menningarmóti er að varpa ljósi á styrkleika og fjölbreytta menningarheima þátttakenda. Áherslan er á persónulega menningu, eitthvað sem manni finnst skemmtilegt að gera eða heldur upp á, fremur en þjóðarmenningu eða upprunamenningu einstaklinga en markmiðið er að þátttakendur sýni hvað skiptir þá máli eða þeir hafa áhuga á (Menningarmótsvefurinn, 2016).

Á teymisfundi þróunarverkefnisins var það rætt hvernig hægt væri að tengja þemað, heimamenningu, við starf leikskólans. Eftir nokkra umræðu var ákveðið að börnin fengju kerton með sér heim og að börn og foreldrar ynnu saman að því að búa til veggspjald um hvað börnin vildu sýna að heiman. Foreldrum var boðið að prenta út myndir í leikskólanum

Þannig að það stæði ekki í vegi fyrir því að þau gerðu veggspjald. (Rannsóknardagbók, 26. febrúar 2018).

Veggspjöldin hafa gefið tækifæri til samskipta um mismunandi heimamenningu barnanna. Við skoðun á spjöldunum kom líka í ljós að menning allra er ólík, óháð því hvaðan fólk er, en það er líka ýmislegt sem sameinar, til dæmis kom í ljós að mörgum þykir gaman að fara í sund og finnst notalegt að eiga kósýstund með foreldrum sínum og systkinum. Þá var tækifæri til þess að ræða um mismunandi fjölskyldugerðir og að sumir ættu til dæmis tvö heimili. Ein móðirin kom á mánudegi og sagði að öll helgin hefði farið í vinnu við veggspjaldið og að öll fjölskyldan hefði sökkt sér í verkefnið. Margir foreldrar lýstu ánægju sinni með heimamenningarverkefnið, bæði að það hefði verið gaman að vinna það með börnunum og einnig áhugavert að sjá veggspjöld annarra barna. Komist var að ýmsu um börnin, til dæmis varðandi áhugamál þeirra, sem ekki var ljóst áður. Einn kennari stakk upp á að þetta verkefni yrði framvegis unnið að hausti þannig að hægt væri að nýta áhugamál barnanna enn betur í leikskólastarfinu. Veggspjöldin voru afar fjölbreytt, sum börn ákváðu að teikna myndir, önnur að nota ljósmyndir og enn önnur voru bæði með teikningar og ljósmyndir. Börnin voru virkilega stolt af sínu veggspjaldi og hvert spjald var skoðað með allri deildinni í samverustundum, jafnóðum og ný veggspjöld komu að heiman. Öll börnin vildu koma og segja frá eða sitja við hliðina á kennara á meðan hann las texta af spjaldinu eða sagði frá myndunum. Verkefnið virtist bæði gott fyrir sjálfstraust og vera jákvætt fyrir sjálfsmynd barnanna þar sem þau ákváðu hvað þau vildu sýna, eitthvað sem þau höfðu mörg ekki sagt frá í leikskólanum en gátu tjáð með myndum. Foreldrar voru einnig hvattir til þess að skrifa á móðurmáli sínu sem nokkrir gerðu. Veggspjöldin voru hengd upp í hæð barnanna á svæði sem er nálægt inngangi deildarinnar og margir foreldrar stöldruðu við þegar þeir sóttu börn sín í lok dags og skoðuðu veggspjöldin.





### 2.3.6 Málörvun

Málþroski á leikskólaaldri er grunnurinn að félags- og vitsmunabroska barna og undirstaða lestrarnáms. Þess vegna er mikilvægt að börn nái tökum á því máli eða málum sem töluð eru á heimili þeirra og í skóla strax á leikskólaaldri (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015). Málörvun í leikskólanum fer fram í gegnum allt starf; við matarborð, í fataklefa, í útiveru, sem stuðningur við leik barna, í les- og samverustundum o.fl. Í les- og samverustundum er börnunum skipt í hóp, eins marga og unnt er til þess að hafa hópna litla og geta veitt öllum börnum stuðning. Leshóparnir eru getuskiptir að einhverju leyti, það er í sumum hópum eru börn sem eru byrjendur í íslensku og þá er mikið notast við myndrænt efni. Í öðrum hópum, þar sem börnin eru lengra komin í íslensku, eru lesnir flóknari textar. Í sumum hópum eru færri börn en í öðrum til að hægt sé að veita þeim meiri athygli og skapa samræður á einstaklingsgrundvelli. Í öðrum stundum, til dæmis í samverustundum, eru blandaðir hópar þannig að börn sem eru byrjendur í íslensku hafi sterkar málfyrirmyndir og þau geti lært hvert af öðru. Á elstu deildinni var verið að þróa starfið veturinn 2017-2018 til að kennarar gætu betur áttað sig á þörfum einstakra barna og hvernig þau fengju sem mest út úr lesstundum. Dæmi um það sem reyndist vel var að allir hópar ynnu með sömu sögu eða bók þó að vinnan í hópunum væri mismunandi. Það er, sömu sögunni var komið til skila á mismunandi hátt eftir því hvar börnin voru stödd í íslensku og einnig notuðu kennarar mismunandi kennsluaðferðir. Markmiðið hjá öllum var þó að auka orðaforða á íslensku. Eftir að farið var að vinna með sömu sögu í öllum hópum sást að sögunar fléttuðust frekar inn í leik barnanna og börn sem voru afar misjafnlega stödd í íslensku áttu auðveldara með að finna sameiginlegan flöt í leiknum í gegnum sögunar. Lögð var áhersla á orðaforðavinnu og lagatextar voru gjarnan teiknaðir upp og útskýringar fundnar með börnunum. Einnig var Orðaspjallsaðferð Árdísar Hrannar Jónsdóttur (2013) notuð sem leið til þess að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Aðferðin er hugsuð fyrir leikskólabörn frá tveggja ára aldri og í henni felst að kenna orð úr barnabókum í gegnum samræður og leiki. Kennarinn les bók og velur orð úr bókinni til þess að kenna samkvæmt ákveðinni leið. Gjarnan eru valin orð úr bókinni sem eru algengari í ritmáli en talmáli og hvetur kennarinn börnin til þess að ræða um orðin og þá er hægt að fara í leiki og fleira til þess að festa orðin í minni (Árdís Hrönn Jónsdóttir, 2013). Á elstu deildinni var þetta útfært þannig að í viðbót við vinnu með íslenskan orðaforða þá voru lykilorð sögunnar fundin á tungumálum barnanna í hópnum. Í framhaldinu var áhugi fyrir því í kennarahópnum að fá foreldra til samstarfs í þeirri vinnu en áður hafði verið notast við þýðingarforrit.

Snemma árs 2018 byrjaði ný stúlka á elstu deildinni, kölluð Kasia hér, sem talar pólsku að móðurmáli og var nýflutt til Íslands. Búið var að vinna með söguna um Jóa og

baunagrasíð í nokkra daga þannig að börnin í hópnum þekktu söguna en Kasia hafði ekki tekið þátt í þeirri vinnu. Til að gefa henni hlutdeild var sagan um Jóa og baunagrasíð á pólsku fundin á netinu og spiluð fyrir börnin á pólsku. Þeim voru sýndar myndir um leið ásamt lykilorðum úr sögunni á íslensku. Börnin hlustuðu af áhuga og Kasia virtist glöð og ánægð. Einn drengurinn benti brosandí á hana og sagði: „Hún skilur alveg söguna en ekki við.“ Drengurinn sem sagði þetta er tvítyngdur og flutti til Íslands nokkrum mánuðum áður. Hann gat sett sig í spor Kasiu og einnig áttaði hann sig á því, og sagði hinum börnunum, að hún kynni eitthvað sem þau kunnu ekki. Það hitti svo vel á að pólska var tungumál vikunnar þá viku sem Kasia byrjaði í leikskólanum og því var sérstök áhersla á pólsku, spiluð voru lög í samverustund, talið upp á tíu og nokkur orð kennd á pólsku. Frá því að Kasia byrjaði talaði hún við börn og kennara, fyrst á pólsku og síðan í auknum mæli á íslensku. Matmálstímar eru kjörnir til málörvunar en hennar fyrstu orð tengdust einmitt mat og drykk, *mjólk, vatn, fiskur*. Fljótlega fór hún að segja *má ég fá...* og benti svo á það sem hún vildi. Um leið og hún lærði nýtt orð á íslensku sagði hún gjarnan hvað það væri á pólsku. Til dæmis þegar hún benti á vatnskönnuna og kennari spurði hvort hún vildi vatn, þá endurtók hún *vatn* og sagði síðan hvað það væri á pólsku. Kasia fékk jákvæð viðbrögð frá börnum og kennurum, til dæmis með því að endurtaka það sem hún hafði sagt á pólsku, og hún hélt þessu því áfram. Í gegnum þessa vinnu sást að umhverfið hafði hvetjandi áhrif á að hún byggji sjálf brú á milli tungumálanna og einnig að hún fann að tungumál hennar væri velkomið í leikskólanum. Þetta virtist hafa jákvæð áhrif á sjálfsmynd hennar þar sem hún kunni tungumál sem margir aðrir á deildinni kunnu ekki og hún gat því miðlað þekkingu sinni. Þetta vakti kennarana til umhugsunar um að nýta tungumál nýrra barna betur í starfi með öllum börnunum. Hingað til hafði það verið gert með þeim börnum sem voru að byrja en ekki endilega mikið með öllum hópnum eins og var gert í samverustund í þessu tilviki því pólska var tungumál vikunnar.

## 2.4 Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf er undirstaða þess að börnum líði vel og taki virkan þátt í leikskólastarfi. Þá hafa samskipti heimilis og skóla ekki síður áhrif á mótun sjálfsmyndar barnsins þannig að jákvæð samskipti milli kennara og foreldra hafa mikið að segja fyrir barnið (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2007). Í framhaldi af undirbúningsvinnunni innan skólans var haldinn kynningarfundur fyrir foreldra þar sem þeim var boðið til samstarfs. Á fundinum talaði verkefnastjóri um hugmyndafræðina á bak við LAP, tók dæmi frá innleiðingu aðferðarinnar í leikskólanum á Dalvík og sagði frá þeim hugmyndum sem urðu til á starfsdegi Miðborgar. Þeir foreldrar sem mættu voru áhugasamir og einnig komu nokkrir dagana á eftir, sem ekki höfðu haft tæk á að mæta á fundinn, og lýstu áhuga á að leggja verkefninu lið og óskuðu eftir

frekari upplýsingum. Foreldrar voru beðnir um að skrá sig á lista ef þeir vildu aðstoða með þýðingar og reynt var að fá að minnsta kosti einn aðila fyrir hvert tungumál. Listarnir voru hengdir upp í hverju húsi þannig að þeir foreldrar sem ekki mættu á fundinn gætu líka skráð sig. Upplýsingar um verkefnið og kynningarfund foreldra voru einnig settar inn á heimasíðu leikskólans og sendar foreldrum í tölvupósti. Eftirfarandi hugmyndir frá foreldrum komu fram á kynningarfundinum:

- Kynning á persónulegri menningu barnanna, t.d. Menningarmót (sjá <http://tungumalatorg.is/menningarmot/>).
- Sögustundir á mismunandi tungumálum á Borgarbókasafni í samstarfi við foreldra (þ.e. foreldrar lesa á sínu móðurmáli).
- Samstarf við samtökin Alliance Francaise, t.d. kynning á frönsku fyrir börnin í leikskólanum.
- Samstarf við Móðurmál, samtök um tvítýngi (sjá [www.modurmal.com](http://www.modurmal.com)).
- Kynning á tungumálum barnanna, t.d. tungumál vikunnar.

Þróunarverkefnið byggist á foreldrasamstarfi en til þess að heimamál barnanna geti orðið hluti af leikskólastarfinu þarf aðstoð og samvinnu foreldra. Eins og minnst hefur verið á þá voru foreldrar hvattir til þess að koma og lesa eða syngja á móðurmáli barnanna þegar þeirra tungumál var tungumál vikunnar. Nokkrir foreldrar gerðu það eins og móðirin á myndinni, þegar spænska var tungumál vikunnar. Hún las



söguna um Rauðhettu á spænsku fyrir 3-5 ára börn. Áður en hún byrjaði að lesa kenndi hún börnunum líka ýmislegt annað á spænsku. Hún kenndi börnunum nokkur lög eins og talnalag þar sem þau lærðu að telja upp á 10 á spænsku. Að lokum kenndi hún þeim að nefna nokkra ávexti og grænmeti á spænsku. Börnin voru mjög spennt yfir þessu og sonurinn himinlifandi. Deildarstjórinn á þessari deild lýsti undrun sinni á því hvað börnin gátu setið lengi og hlustað og tekið þátt í þessari stund sem varði í um 45 mínútur. Hún sagði einnig frá því að í samverustundinni hafi þriggja ára stúlka á deildinni, sem talar rússnesku að móðurmáli, byrjað að þýða orð yfir á rússnesku og varð allt í einu mjög áhugasöm um að kenna hinum börnunum rússnesku. Þarna virtust skapast aðstæður þar sem stúlkan varð óhrædd við að taka frumkvæði og kenna hinum börnunum sitt móðurmál. Í þessari stund var móðirin að tala annað tungumál en talað er í leikskólanum og það gerði stúlkan líka.

Þegar ungverska var tungumál vikunnar kom faðir og las ævintýri á ungversku um rauðan hana sem lék á soldán og þýddi söguþráðinn yfir á íslensku eftir hverja blaðsíðu. Hann og dóttir hans sungu líka ungverskt þjóðlag og þau völdu lagið af því að það er til í íslenskri þýðingu, Óskasteinar. Mörg barnanna kunnu lagið á íslensku og fannst sniðugt að það væri til á öðru tungumáli. Lagið var sungið á íslensku eftir að feðginin sungu það á ungversku. Feðginin kenndu börnunum líka að telja upp á tíu á ungversku og þá var ein

stúlka sem rétti upp hönd og byrjaði að telja á ensku. Þá var önnur sem vildi koma og setjast fremst og telja á albönsku, sínu móðurmáli. Það varð úr að þau börn sem vildu skiptust á að koma og setjast fyrir framan allan hópinn og telja á mismunandi tungumálum. Sum töldu á heimamáli sínu, önnur á íslensku og enn önnur á tungumáli sem þau höfðu lært að telja á.




Einn daginn var deildarstjóri í fataklefa barnanna á elstu deild að skrifa góðan dag á tungumáli vikunnar, ungversku, á tússtöflu. Þá kom móðir með son sinn, kallaður Sturla hér, og deildarstjóri sagði: „Góðan dag, eða jó napot, ungverska er tungumál vikunnar.“ Móðirin svaraði: „Jó napot“ á móti og hélt áfram: „Um daginn þegar albanska var tungumál vikunnar hlustuðum við Sturla á júróvisjon lag á albönsku, okkur fannst það mjög skemmtilegt og sniðugt.“ Hún sagði að þau Sturla hefðu gaman að tungumáli vikunnar og hann væri enn ákveðinn í að læra þýsku. Hann og móðir hans mættu með barnabók á þýsku sem þau fundu heima hjá sér þegar þýska var tungumál vikunnar. Sturla og foreldrar hans eiga íslensku að móðurmáli. Hvorki kennurum né foreldrum var kunnugt um áhuga Sturlu á að læra þýsku áður en það var tungumál vikunnar og mögulega kviknaði áhugi hans þar. Önnur börn með íslensku að móðurmáli fengu áhuga á að læra önnur tungumál í tungumálavikunum. Einnig sýndu þau mismunandi ritmáli áhuga. Þegar arabíska var tungumál vikunnar hafði deildarstjóri samband við móður á deildinni, bauð henni að koma og bað hana um að þýða nokkur orð yfir á arabísku. Hún var áhugasöm en sagðist því miður ekki komast, hún vildi samt endilega gera eitthvað. Daginn eftir mætti stúlkan meðal annars með blaðið hér á hægri hönd en móðirin hafði handskrifað á nokkur blöð, til dæmis voru myndir af dýrum á einu blaði og nöfnin við. Móðirin sagði að stúlkan hefði ekki sýnt þessu mikinn áhuga heima og hefði sagt að hún væri ekki að skrifa rétt. Þegar stúlkan kom svo í leikskólann með blöðin og börnin lýstu hrifningu sinni á skriftinni og myndunum hélt



stúlkan fast í blöðin og vildi ólm sýna kennurum og börnum. Hún sýndi þau einnig í samverustund og kennarinn sem sá um þá stund sagði að stúlkan hefði gengið hringinn og sýnt börnunum hvert blað. Síðan bað hún líka um að fá að líma blöðin inn í skráningarbókina sína í lok dags. Stúlkan var greinilega stolt þegar hún sagði frá því að mamma hennar hefði skrifað þetta, eitthvað sem hún hafði alls ekki verið um morguninn. Móðirin sendi líka slóð á nokkur af uppáhaldslögum stúlkunnar sem voru spiluð í samverustund.

Þegar portúgalska var tungumál vikunnar mætti drengur á elstu deildinni með tvær bækur á portúgölsku sem móðir hans hafði þýtt yfir á ensku. Hún hafði sjálf ekki tók á að koma en vildi gjarnan taka þátt með þessum hætti og stakk upp á að drengurinn fengi að sýna bókina í samverustund sem hann gerði. Hann sagði okkur frá Saci sem er þekkt persóna úr brasilískum þjóðsögum. Á deild þriggja til fimm ára barna mætti stúlka með bók á frönsku sem móðir hennar hafði þýtt yfir á íslensku.



Þátttaka foreldra í tungumálavikunum var með ýmsum hætti en þeir voru almennt mjög áhugasamir um að gera eitthvað, frá því að senda uppáhaldslag barna sinna yfir í að vera með samveru-/sögustund fyrir börnin.

### *3. Mat kennara, barna og foreldra á verkefninu Töfrandi tungumál*

Á því tímabili sem þróunarverkefnið stóð yfir fór bæði fram formlegt og óformlegt mat. Formlegt mat á verkefninu fól í sér spurningakönnun sem lögð var fyrir kennara í lok verkefnisins, viðtöl við tvo deildarstjóra og einstaklings- og hópviðtöl við börn í lok verkefnisins ásamt fundargerðum frá teymisfundum yfir tímabilið (sjá fylgiskjal A3). Óformlegt mat á verkefninu var skráð í rannsóknardagbók, svo sem samtöl við og á milli kennara, í daglegu starfi og á starfsdögum, samtöl við og á milli barna, kennara og foreldra yfir allt tímabil þróunarverkefnisins. Í þessum hluta verður farið yfir mat kennara í 3.1, barna í 3.2, foreldra í 3.3 og í lokin, í 3.4, er samantekt þar sem farið verður yfir markmiðin sem lagt var upp með í upphafi verkefnisins og það metið hvernig til tókst.

#### **3.1 Mat kennara**

Hér verður farið yfir svör kennara úr rafrænni spurningakönnun, viðtölum sem tekin voru við tvo deildarstjóra og því sem kom fram á teymisfundum sem og í daglegu starfi.

##### **3.1.1 Rafræn spurningakönnun**

Í desember 2018 var settur tengill inn á samskiptasvæði Miðborgar og starfsfólk beðið um að svara rafrænni spurningakönnun um verkefnið. Spurningarnar sem lagðar voru fyrir voru bæði á íslensku og ensku og fólu í sér mat á verkefninu. Spurt var hvað hefði gengið vel, hvað mætti bæta, hvort meðvitund væri um heimamál barnanna í leikskólanum og hvort áhugi væri fyrir því að halda áfram með verkefnið (sjá fylgiskjal A1).

Almennt voru svarendur jákvæðir gagnvart verkefninu og það kom meðal annars fram í svörunum að þátttaka í verkefninu léti öllum börnum líða eins og þau væru hluti af leikskólanum. Þá kom fram í svörunum að skipulagningin hefði verið góð og að mörg fróðleg og skemmtileg verkefni hefðu verið unnin. Einnig kom fram að það sem hefði gengið vel væri hvað tungumál barnanna væru orðin sýnileg í umhverfinu og að hvert tungumál í leikskólanum hefði fengið sinn tíma. Það sem svarendur nefndu að hefði staðið upp úr á meðan verkefninu stóð var meðal annars gleði barnanna og samvinnan milli leikskólans og foreldra þegar heimamál barna þeirra var tungumál vikunnar. Það sem nefnt var sem erfitt eða eitthvað sem væri hægt að bæta var hugmyndaleysi og í einu svari var stungið upp á að vinna með hvert tungumál í mánuð í senn í stað viku. Þá kom fram í öðru svari að virkja þyrfti betur alla kennara þannig að það væru ekki aðeins nokkrir sem mötudu hina af verkefnum. Svarendur voru langflestir sammála um að tungumál barnanna væru orðin hluti af daglegu starfi. Sem dæmi um það væri til dæmis aukin meðvitund barna um önnur tungumál, þau gerðu sér frekar grein fyrir því að það tala ekki allir sama tungumál. Þá var nefnt að tungumálin væru sýnileg inni á deildum og á þann hátt væru þau

orðin hluti af daglegu starfi. Börnin tóku líka þátt í að merkja umhverfið með kennurunum og ræddu sín á milli og við kennara og foreldra hvað stæði á merkingunum. Allir svarendur sögðust vera meðvitaðir um heimamál barnanna. Þegar spurt var hvort halda ætti áfram með verkefnið í einhverri mynd töldu langflestir það vera ýmist mikilvægt eða nauðsynlegt. Mörgum fannst að það ætti að halda áfram í svipaðri mynd en að það sem skipti mestu máli væri að halda móðurmáli barnanna á lofti. Í einu svari var lagt til að allur skólinn myndi setja verkefnið í forgang og bíða með önnur gæluverkefni til að ekki væri of mikið álag á starfsfólk.

### 3.1.2 Viðtöl við deildarstjóra

Ákveðið var að taka viðtöl við tvo deildarstjóra, hér kallaðar Anna og Halla, sem höfðu báðar verið virkir þátttakendur í verkefninu og voru með frá upphafi. Báðar hafa þær jákvæða sýn á verkefnið. Anna talaði um hvernig tungumál vikunnar virkjaði foreldra, að margir foreldrar hefðu verið áhugasamir um að taka þátt. Halla var sammála því og sagði að portúgalska vikan hefði slegið í gegn. Hún sagði: „Mamma stelpu hjá okkur sem talar portúgölsku kom og kenndi börnunum portúgölsku. Þau eru enn að syngja fiðrildalagið sem hún kenndi okkur.“ Hún talaði um að þetta foreldri hefði náð vel til barnanna, hún hefði til dæmis gefið þeim fiðrildi til þess að lita og kennt þeim grípandi og skemmtilegt lag. Halla sagði að það væru auðvitað ekki allir foreldrar tilbúnir til þess að taka þátt á þennan hátt og að það væri heldur ekki nauðsynlegt.

Halla talaði um að vinna með tungumálin hefði opnað augu barnanna fyrir því að það væru til mörg tungumál. Hún sagði:

Þetta [Tungumál vikunnar] er greinilega að vekja athygli barnanna, að við tölum mismunandi tungumál, þau eru að fatta það. Sum vissu það áður eins og tvítýngdur strákur á deildinni sem er alinn upp við tvö tungumál, íslensku og frönsku, á heimili. Sum vita það en önnur vissu það ekki en eru að fatta það núna. Til dæmis var mjög mikilvægt fyrir þau að sjá að barn eins og Lena, sem talar spænsku heima, talaði ekki íslensku þegar hún byrjaði en hún lærði með okkur. Hún talar spænsku og þau bara lærðu að það getur verið eitthvað annað en íslenska sem fólk getur talað og við erum að kynna það fyrir þeim með þessu verkefni. Mér finnst það bara ótrúlega jákvætt og mjög mikilvægt.

Anna talaði í svipuðum dúr um tungumál þegar hún var spurð hvað henni þætti eftirminnilegast í verkefninu:

Mér finnst bara hvað börnin urðu opin fyrir því að þau ættu annað tungumál. Þeim fannst spennandi að taka þátt í samveru til dæmis og segja frá, kenna einhver orð. Þau urðu svona meira opin fyrir því af því að áður vildu sum ekki tala um að þau ættu annað tungumál en þarna varð vettvangur og þau urðu soldið spennt fyrir því.

Þegar hún var spurð hvort börnin hefðu sjálf frumkvæði að því að taka þátt svaraði hún:

Já, ég man sérstaklega eftir Lóu, þá var hún þriggja ára, hún iðaði bara í skinninu að fá að vera með sína viku. Hún byrjaði að kenna börnunum rússnesku þegar spænska var tungumál vikunnar og ein mamma kom í samveru og var að kenna börnunum að telja á spænsku og syngja lög.

Þegar Anna var spurð hvort heimamál barnanna væru orðin hluti af daglegu starfi svaraði hún: „Já. Maður segir oft bara upp úr þurru, kannski heilsar þeim á einhverju öðru tungumáli. Maður kann náttúrulega ekki öll tungumál en pikkar upp svona eitt og eitt orð sem maður er svona að skjóta inn í [hlær].“ Halla er sammála því að heimamál barnanna séu orðin hluti af daglegu starfi og segir:

Hópurinn minn er þannig. Börnin eru mjög meðvituð um að kenna börnum sem eru að byrja með annað móðurmál en íslensku af því að við erum alltaf að tala um það. Og þegar börnin sem eru að læra íslensku segja eitthvað á íslensku þá koma hinir krakkarnir til mín og segja: „Halla, Halla hún sagði *nei* á íslensku.“ Þau eru að hjálpa hvert öðru og alveg meðvituð um að við séum öll að læra íslensku. Helmingurinn af börnunum á deildinni er tví- eða fjöltyngdur.

Þegar ný börn sem ekki tala íslensku byrja á deildinni sagði Anna að aðallega væri stuðst við skráningarbók barnanna en að það mætti örugglega reyna að nota heimamál barnanna meira í upphafi. Hún sagði að skráningarbókin væri gott tæki til þess að sýna foreldrum hvað væri gert í leikskólanum og gefa börnunum tækifæri til þess að kynna heimili sitt. Halla sagði að undanfarið þegar ný börn hefðu byrjað á deildinni vildi svo vel til að það voru kennarar og matráður sem töluðu tungumál barnanna, pólsku og arabísku, og gátu því aðstoðað þau í byrjun. Hún sagði að það hefði hjálpað börnunum mikið:

Við hoppuðum ekki bara til hans með íslensku. Matráðurinn kom oft inn til að útskýra ýmislegt. Sama á við um arabísku, það er kennari á deildinni sem talar arabísku, hún hjálpaði Palla mjög mikið í byrjun, útskýrði. Og svo þegar þau eru búin að átta sig á dagskipulaginu og hvernig allt virkar þá tekur íslenskan við.

Halla talaði um að ein áskorunin við verkefnið væri að vera ekki með nægan tíma vegna manneklu sem dæmi. Hún talaði um að mögulega væri betra að hafa tungumál vikunnar tvær vikur í senn og hafa jafnvel undirbúningsviku á milli hvers tungumáls. Önnu fannst hins vegar virka vel að hafa tungumál vikunnar í eina viku því nú væri þetta komið upp í vana. Hún sagði að verkefnið hefði verið vel undirbúið, að það væri gott að einhver héldi utan um tungumálin og minnti á hvað væri tungumál vikunnar ásamt því að fá orðalista með orðum frá foreldrum. Bæði Önnu og Höllu þótti mikilvægt að verkefnið héldi áfram. Anna sagði:



Mér finnst við í raun þurfa að gera það, halda áfram með verkefnið. Bara út frá því að við erum með öll þessi tungumál. Það er líka leiðinlegt, þegar hefur gengið vel með eitthvað verkefni og svo er það búið, að það klárast þá bara. Vonandi er það bara svona inni í menningunni.

Þegar Anna var spurð hvernig hún sæi áframhald verkefnisins fyrir sér sagði hún:

Það er náttúrulega voða gott að hafa einhvern yfir þessu verkefni. Ég held að það þurfi einhvern til þess að stýra því eins og hefur verið, til að minna á. Ég myndi segja að það væri svolítið sem þyrfti að hugsa um, einhvern sem hefði yfirsýn. Það er gott að hafa eitthvað svona sem maður getur farið eftir og þá setur maður það bara inn í plan deildarinnar.

Halla svaraði þegar hún var spurð hvernig hún sæi áframhald verkefnisins fyrir sér: „Reyna að læra eitt lag í tungumálavikunni. Ég trúí á tónlist. Eins og ég sagði þá finnst mér mikilvægt að lagið sé kraftmikið, grípandi. Það er soldið mikilvægt að finna eitthvað þannig.“

### 3.1.3 Teymisfundir

Alls voru haldnir fimm teymisfundir á tímabili verkefnisins. Á öðrum fundi teymisins, 14. janúar 2018, var farið yfir hvernig hefði gengið og kennarar sögðu meðal annars eftirfarandi:

- Börnin eru farin að kenna hvert öðru orð í móðurmáli sínu.
- Foreldrar taka þátt til dæmis með bókalestri eða upplýsingum um tungumál.
- Lög eru sungin á tungumálum vikunnar.
- Umhverfið er merkt með tungumáli vikunnar.
- Þema mánaðarins, gamli tíminn, hefur verið tengt við fjölmennningarlegt starf til dæmis með því að skoða byggingar frá gamla tímanum í mismunandi löndum.
- Börnin hafa mörg hver verið áhugasöm um fána og búa til fána úr legói.

Vinnan í kringum tungumál vikunnar virtist vera að skila sér inn í starfið. Sá sem talaði um fána sagði að börnin á hans deild, 3-5 ára, væru áhugasöm um fána og að það væri vinsælt umræðuefni í matartímunum. Þá skoðuðu þau í hvaða löndum viðkomandi tungumál væri talað og fundu landið á heimskorti.

Á fundi teymisins þann 26. febrúar sagðist einn kennarinn ekki vera að gera nógu mikið, þau töluðu um tungumál á hverjum degi en að það væri ekki markvisst. Eftir umræður kom í ljós að heilmikil umræða og vinna færi fram á deildinni um heimamál og heimamenningu. Þá var það rætt að þróunarverkefnið væri ekki hugsað sem sérverkefni heldur hluti af starfinu og því væri ekki markmiðið að hafa alla vinnuna markvissa heldur grípa stundir eins og matmálstíma eða samverustundir til umræðna. Ein nefndi að hún hefði misst smá tengsl við verkefnið í vikunni, tungumál vikunnar væri til dæmis ekki talað á hennar deild. Þá stakk önnur upp á, sem vinnur á sömu starfsstöð og hún, að það væri kannski hægt að tala um og syngja á tungumálinu í sameiginlegri söngstund deildanna á föstudeginum.

Á fundi teymisins, þann 16. apríl, var talað um að það hjálpaði að hafa tungumál vikunnar til þess að halda þróunarverkefninu gangandi. Þar sem búið var að taka öll tungumál barna og kennara fyrir var ákveðið að byrja á öðrum hring. Rætt var hvort bæta ætti íslensku við sem tungumáli vikunnar og eftir nokkrar umræður var það ákveðið. Talað var um að stíla inn á að íslenska vikan væri í kringum dag íslenskrar tungu, þann 16. nóvember, og að lögð yrði áhersla á að íslenska væri tungumál okkar allra. Eftirfarandi hugmyndir komu líka fram í fundargerðinni um áframhald verkefnisins:

- Þegar tungumálin eru tekin fyrir aftur er til dæmis hægt að hengja upp *velkomin/góðan dag* á tungumálum húsanna, sumir eru búnir að því.
- Bæta við merkingum eins og til dæmis á bókahilluna, útbúa miða þar sem stendur *bók* með stóru lettri á íslensku, með minna lettri á tungumálum deildarinnar í kring og svo mynd af bók (hugmynd úr námsferð til London, sjá mynd til hægri).
- Vera með verkefni í tungumálavikunum sem eru ekki mjög afurðatengd, tengja tungumálin meira inn í leik, hægt að laga að mismunandi aldri. Grípa áhuga barnanna, hvað eru þau að gera og hvernig getum við útvíkkað það? Hingað til hefur áherslan verið svolítið á merkingar á umhverfinu, að gera tungumálin sýnileg.



Í framhaldi af þessari umræðu var það rætt hvernig hægt væri að nýta gönguferðir og útiveru til náms í gegnum leik.

Á fundi teymisins þann 22. október 2018 var farið yfir tungumál húsanna og það rifjað upp hvernig tungumál vikunnar væri kynnt fyrir nýjum foreldrum. Þá komu fram eftirfarandi hugmyndir:

- Ræða við matráða og kanna áhuga á því að elda mat úr heimameningu barnanna (einu sinni á tveggja vikna tímabili?). Spyrja foreldra um uppskriftir/nafn á mat sem er borðaður heima. Hægt að skoða uppskriftir og myndir með börnunum.
- Áhugi fyrir því að fara af stað með hátíðabók: <https://reykjavik.is/allir-med/heimamening>. Annað hvort hægt að hafa sérstaka hátíðabók fyrir hverja deild eða opnu í skráningarbók barnanna.
- Kaupa bækur sem endurspeglar börnin (deila hugmyndum á Workplace).
- Hugmynd um að byrja með sögutösku á öllum deildum. Myndabækur og brúða fyrir yngstu börnin. Bækur á mismunandi tungumálum (t.d. skrímslabækurnar eftir Áslaugu Jónsdóttur) fyrir eldri börn, brúða og spil. Upplýsingar fyrir foreldra um notkun sögutöskunnar (sjá viðhengi).

### 3.1.4 Samtöl í daglegu starfi

Óformleg samtöl við kennara áttu sér stað á mismunandi tímum, stundum á kaffistofunni en gjarnan var verkefnastjóri stoppuð á hlaupum og henni sagt frá dæmum úr starfinu sem tengdust vinnu með tungumál.

Einn kennari á elstu deildinni sagði mér frá því að hún hefði orðið vitni að því þegar fimm stúlkur hefðu verið að lita og spjalla saman. Þá segir ein stúlkan sem var nýbyrjuð á deildinni: *I don't understand Icelandic* eða: *Ég skil ekki íslensku*. Þær fara að spjalla saman á ensku og þá segir önnur stúlka: *Ég skil ekki ensku*. Stúlkurnar ræða saman um hvað þær geti gert í þessu og ein segir að það verði allir að skilja til þess að geta verið með. Síðan halda þær áfram að spjalla saman á íslensku og ein stúlkan tók að sér að þýða það sem sagt var yfir á ensku (Rannsóknardagbók, 16. janúar 2018).

Af þessu dæmi má sjá hversu góða aðlögunarhæfni börn hafa og hve lausnamiðuð þau geta verið ef þau fá tíma og rými til að leita lausna. Líklega hafði umhverfi barnanna þarna áhrif á meðvitund þeirra varðandi tungumál. Með áherslu á mismunandi tungumál í leikskólastarfinu og umræðu um tungumál má líta svo á að börnin eigi auðveldara með að setja sig í spor þeirra sem skilja ekki það tungumál sem verið er að tala á þeim tíma. Þegar foreldrar koma og lesa fyrir börnin, lesa þeir á sínu móðurmáli og þá skilja flest börnin ekki hvað verið er að segja.

Annar kennari sagði mér frá því að hún hefði verið með lítinn hóp í samverustund. Í þessum tiltekna hópi er lögð áhersla á málörvun og sjálfstraust til að tjá sig og kennarinn byrjaði samverustundina á því að lýsa hverju og einu barni þar til þau áttuðu sig á því hverjum verið væri að lýsa. Kennarinn byrjaði á því að segja að þetta væri stúlka sem væri hrifin af köttum og hún væri nýbúin í klippingu. Þá tók stúlkan við og sagði brosandí: *Og hún talar líka pólsku og íslensku*. Kennarinn sagði mér að hún hefði sagt þetta stolt en hún var aðeins nýlega farin að tala um heimamálið sitt pólsku og farin að sýna því áhuga að segja orð á heimamálinu í leikskólanum (Rannsóknardagbók, 10. janúar 2018).

Pólska hafði verið tungumál vikunnar nokkrum vikum áður og þetta er því dæmi um hve mikilvægt það er að bakgrunnur barna fái sess í skólastarfinu og að þau finni að þeirra þekking og hæfileikar séu virt.

### 3.2 Mat barna

Tekin voru einstaklingsviðtöl við fjögur tvítyngd börn á næstelstu og elstu deild annars vegar og tvö hópviðtöl við börn á næstelstu og elstu deild hins vegar.

#### 3.2.1 Viðtöl við tvítyngd börn

Tekin voru stutt einstaklingsviðtöl við fjögur tvítyngd börn, fjögurra og fimm ára, sem tala frönsku og íslensku, spænsku, pólsku og litháísku heima. Í samtali við börnin, sem hér verða kölluð Jón, Emma, Lena og Kári, kom fram að þeim þætti öllum mikilvægt að tala bæði móðurmálið sitt og íslensku. Þrjú þeirra sögðu að það væri mikilvægt að tala móðurmálið því þá gætu þau talað við foreldra sína og systkini en Jón svaraði: *Bara, það er gaman*. Emma sagði að það væri gott að tala frönsku *af því að þá gæti hún talað við mömmu sína í alvöru* og að það væri gott að tala íslensku *af því að þá gæti hún talað við systur sína og pabba*. Þau þrjú börn sem töluðu ekki íslensku heima fannst mikilvægt að læra íslensku. Lena svaraði þegar hún var spurð af hverju það væri mikilvægt að læra íslensku: *Af því ég elska að tala íslensku* og Kári svaraði: *Þá getur maður talið*. Börnunum þótti öllum gaman að hafa tungumál vikunnar, sérstaklega þegar þeirra tungumál var tungumál vikunnar og tvö þeirra sögðust tala smá rúmensku en það hafði verið tungumál vikunnar vikuna áður. Þrjú þeirra voru sammála um að það væri gott að læra önnur tungumál en Emma, sem talar frönsku og íslensku heima, svaraði: *Nei, ég vil ekki læra annað. Ef ég læri allt of mikið þá get ég ekki talað við mömmu. Ég vil ekki gleyma því, frönsku*. Emmu þótti samt sem áður gaman að hafa tungumál vikunnar og að heyra önnur tungumál. Jón svaraði því til þegar hann var spurður hvort það væri mikilvægt að læra önnur tungumál: *Já, það er gott að tala ensku*. Þegar hann var spurður af hverju það væri svaraði hann: *Veit ekki. Ég veit bara að það er gott*. Sjálfur sagðist hann ekki tala ensku eða bara pínulítið. Þegar Jón var spurður hvort hann talaði stundum frönsku í leikskólanum sagði hann: *Sveinn [kennari á annarri deild] talar við mig á frönsku. Það er gaman*.

#### 3.2.2 Hópviðtöl við börn

Tvö hópviðtöl voru tekin við fimm börn í senn sem höfðu áhuga á að taka þátt á næstelstu og elstu deild. Þeim voru sýndar myndar úr starfinu og þau beðin um að meta hvað þeim fannst skemmtilegt eða erfitt/leiðinlegt og hvers vegna. Í byrjun var rætt um hvaða tungumál væru töluð í hópnum og sum nefndu að þau kynnu líka svolítið í öðru tungumáli en þau töluðu heima. Á elstu deildinni sagði til dæmis einn, sem talar ensku og íslensku heima, að hann kynni svolítið í frönsku og svo byrjaði hann að syngja *Meistari Jakob* á frönsku. Ein sagðist kunna að segja *chodź* á pólsku og börnin voru alveg með það á hreinu að það þýddi *komdu*. Börnunum voru sýndar eftirfarandi myndir: mynd úr samverustund þar sem foreldri kom og kenndi börnunum lög á portúgölsku, mynd af merkingum sem á

stóð *velkomin* á tungumálum deildarinnar og hangir fyrir utan deildina, mynd þar sem börnin voru að búa til merkingarnar, mynd af persónubrúðunni Paul, mynd af stafrófum á mismunandi tungumálum sem hangir inni á deildinni og mynd af tússtöflu fyrir framan fataklefa barnanna þar sem stendur *Buenos días. Spænska er tungumál vikunnar* (sjá fylgiskjal A2). Börnin voru beðin um að raða myndunum eftir því hvað þeim fannst skemmtilegt, ágætt eða erfitt/ekki skemmtilegt. Börnin á elstu deildinni voru sammála um að það hefði verið mjög skemmtilegt að fá foreldri í heimsókn í samverustund, fiðrildalagið hefði verið skemmtilegt og þau fengu líka fiðrildi til að lita sem hefði verið gaman. Ein byrjaði að syngja lagið á portúgölsku og hin tóku hlæjandi undir. Einn hafði ekki verið þann dag og sagðist því ekki vita hvað honum fyndist um það. Börnunum fannst skemmtilegt að hafa *velkomin* merkingarnar af því að þau bjuggu þær til. Þá sögðu þau að það væri fínt að hafa merkingarnar hangandi. Um myndina af töflunni með tungumáli vikunnar sögðu þau að hún væri erfið af því að þau kynnu ekki að lesa og einn sagði: „Við vitum ekki hvernig við eigum að skrifa það en við kunnum að segja það, skilurðu“. Þegar þau voru spurð hvort foreldrarnir gætu lesið það svöruðu þau: „já“, öll í kór. Eftir nokkrar umræður þá sammæltust þau um að það væri gott fyrir foreldrana að sjá hvað væri tungumál vikunnar. Þau voru sammála um að stafrófin væru leiðinleg af því að þau væru erfið. Ein sagði þó að henni þætti allt skemmtilegt. Börnin á deildinni höfðu ekki tekið þátt í vinnunni með stafrófin heldur voru það börnin frá því árinu áður þannig að þau tengdu ekki við það. Þegar þau komust að því að þetta væru stafróf byrjuðu nokkur að syngja stafróflagið. Þau börn sem höfðu hitt brúðuna Paul voru sammála um að það hefði verið gaman að fá hann í heimsókn því það væri gaman að syngja með honum og sýna honum leikskólann. Ein sagði að hann væri glænýr: „Ég var að halda á hann alls staðar að sýna hann leikskólann“. Annar spurði af hverju Paul hefði hætt, hvort hann gæti ekki komið aftur. Enn önnur sagði stolt að Paul talaði ensku alveg eins og hún. Hjá börnunum á næstelstu deildinni stóð upp úr þegar foreldri kom í heimsókn og kenndi þeim lag á portúgölsku ásamt því að fá Paul í heimsókn. Þá fannst flestum skemmtilegt að búa til merkingar en hinum fannst það erfitt eða leiðinlegt. Þeim sem fannst skemmtilegt að búa til merkingar fannst líka gaman að sjá þær hanga uppi.

Það var áberandi í samtölum við börnin, og kemur væntanlega ekki á óvart, að þeim þótti það skemmtilegast sem þau höfðu tekið þátt í og tengdu við. Þau bentu á það sem þau höfðu gert og voru spennt að segja hvaða tungumál þau töluðu eða kynnu svolítið í.

### 3.3 Mat foreldra

Mat foreldra er óformlegt og byggir á samtölum og athugasemdum frá foreldrum. Þegar byrjað var að merkja umhverfið með tungumálum leikskólans töluðu margir foreldrar um að það væri gaman að sjá *velkomin* á mismunandi tungumálum þegar gengið væri inn í leikskólann. Ein móðirin bað okkur um að bæta þýsku við þar sem hún ætti sjálf þýskan föður og fjölskyldan færi stundum til Þýskalands þó faðir hennar byggi nú á Íslandi. Það gefur til kynna að ekki aðeins börnunum fannst gott að finna að borin væri virðing fyrir mismunandi tungumálabakgrunni þeirra heldur líka foreldrum.

Eins og greint var frá í 2.3.4 bjuggu börnin á elstu deild til ævintýrabækur með ævintýrum á mismunandi tungumálum þegar þema mánaðarins var ævintýri. Í framhaldi af því verkefni voru stafróf allra tungumála deildarinnar hengd upp vegna þess að börnin fengu mikinn áhuga á mismunandi ritmáli. Nokkrir foreldrar veittu þessu eftirtekt og sögðu frá því að börn þeirra væru að læra að skrifa heima á móðurmáli sínu og því þætti þeim gott að stafrófin væru sýnileg í leikskólanum.

Margir foreldrar lýstu ánægju með heimamenningarverkefnið, sem fjallað var um í 2.3.5, þeir höfðu bæði gaman að því að vinna verkefnið með börnunum og sögðu að börnin hefðu verið mjög áhugasöm og ákveðin í því hvað þau vildu sýna og hvernig. Áður hefur verið talað um mikilvægi foreldrasamstarfs en verkefni af þessu tagi reyndust vel til þess fallin að tengja foreldra við verkefni barnanna.

Á myndunum hér fyrir neðan er þriggja ára stúlka sem talar spænsku að móðurmáli og spænska var tungumál vikunnar. Börnin lærðu að syngja Kalli litli könguló á spænsku í samverustund. Eftir samverustundina settust verkefnastjóri og stúlkan saman og fóru að teikna lagið. Stúlkan sýndi þessu mikinn áhuga, söng lagið aftur á spænsku og skoðaði myndirnar í leiðinni. Hún hélt fast í blaðið og tók það með sér heim. Nokkru seinna hitti verkefnastjóri móður stúlkunnar fyrir utan leikskólann. Hún sagðist vera svo ánægð með tungumálavikurnar og að dóttir hennar tæki myndina af laginu með sér hvert sem hún færi og vildi sýna þeim sem hún hitti.



### 3.4 Hvernig tókst til?

Þróunarverkefnið *Töfrandi tungumál* miðaði að því að öll börn í leikskólanum fengju að kynnast fjölbreyttum tungumála- og menningarheimum. Áhersla var lögð á íslensku sem annað mál, bernskulæsi og stuðning við þróun móðurmáls allra barna, bæði þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli og tví/fjöltungdra barna. Aðlögun verkefnisins í leikskólanum Miðborg fól meðal annars í sér eftirfarandi markmið:

- Að þróa fjölmennarlega stefnu í leikskólanum Miðborg þar sem heimamening og skólamening fléttast saman og þar sem móðurmál barnanna er virkjað sem brú yfir í íslensku.
- Að leikskólastarfið endurspegli fjölmennarlegt samfélag þar sem menningu og tungumáli allra barna er gert jafnhátt undir höfði.
- Að öll börn nái árangri í íslensku og að börn með annað móðurmál en íslensku þrói með sér virkt tvítyngi.
- Að gera heimamál og heimameningu að sjálfsögðum og virtum þætti í leikskólastarfinu.
- Að efla foreldrasamstarf og gera foreldrum og börnum grein fyrir mikilvægi móðurmálsins í náms- og þroskaferli barnsins.
- Að efla sjálfsmynd barna með því að gera grein fyrir því að allir eru jafnir og öll tungumál jafn mikilvæg.
- Að starfsfólkið auki þekkingu sína og færni til að sinna fjölbreyttum hópi barna og foreldra.
- Að allir - starfsmenn, börn og foreldrar - upplifi sig sem virka þátttakendur í verkefninu.

Bókagerðin sem fjallað var um í kafla 2.3.4 er dæmi um hvernig áhugi á tungumálum birtist í verkefninu. Ein stúlkan, með frönsku og íslensku að móðurmáli, kom með ævintýrabók á frönsku í leikskólann og var áhugasöm um að skrifa ævintýri á frönsku. Flest barnanna vildu skrifa á sínu móðurmáli en tvær stúlkur, með íslensku að móðurmáli, vildu skrifa á spænsku annars vegar og ensku hins vegar. Stúlka með íslensku að móðurmáli, sem skrifaði á íslensku, notaði ríkulegan orðaforða í frásögn sinni og þá gafst tækifæri fyrir stúlkuna að útskýra merkingu orða sem hún þekkti fyrir hinum börnunum. Börnin á eldri deildum leikskólans voru líka farin að segja upp úr þurru við kennara eða við hvert annað eitthvað á borð við: *Ég veit hvað bless er á filippseysku* eða: *Ég veit hvað melóna er á pólsku*. Í gegnum þessa vinnu með heimamál barnanna virðast börnin hafa fengið aukinn áhuga á mismunandi ritmáli og að kynnast orðaforða hvers tungumáls fyrir sig.

Þessi aukni áhugi á tungumálum kom líka fram hjá þeim sem eru með íslensku að móðurmáli. Til dæmis, þegar tungumál vikunnar var pólska þá kom drengur með blað í leikskólann sem hann og pabbi hans höfðu dundað sér við að skrifa, orð á íslensku og pólsku en hvorugur þeirra talar pólsku (sjá mynd á næstu síðu til vinstri). Annar drengur með íslensku að móðurmáli fann bók á þýsku heima hjá sér og kom með hana í leikskólann þegar þýska var tungumál vikunnar. Nú er hann staðráðinn í að læra þýsku (sjá mynd á næstu síðu til hægri).



Það sem stóð upp úr í þessari vinnu var það samtal sem varð til á milli allra, milli kennara, milli barna, milli kennara og barna, milli barna og foreldra og milli foreldra og kennara í leikskólanum. Sumir foreldrar höfðu ekki tök á að koma en sýndu áhuga með öðrum leiðum. Það var lærdómsríkt að fylgjast með því hvernig verkefnin þróuðust þegar börnin réðu ferðinni, eins og í bókagerðinni. Þau fóru að prófa sig áfram með tungumálin, bæði með sitt móðurmál og tungumál sem önnur börn töluðu á deildinni. Tungumálin urðu eðlilegur hluti af starfinu og áhugi barnanna á tungumálum smitaðist heim til foreldranna.

Verkefnið um hvernig ný börn eru boðin velkomin í leikskólann með því að fá börnin til þess að setja sig í spor nýrra barna, sem sagt var frá í 2.3.3, fékk framhaldslíf á elstu deild leikskólans. Brúðan Aisha sem notuð var með 4-5 ára börnunum þegar þau voru í heimsókn á elstu deildinni varð eftir þar. Börnin á elstu deildinni voru forvitin og áhugasöm um brúðuna og komu strax með margar hugmyndir að því hvað þau vildu sýna Aishu og hvað þeim þætti skemmtilegt í leikskólanum. Daginn eftir umræður við börnin um hvernig þau vildu bjóða ný börn velkomin byrjaði ný stúlka á deildinni, sem var nýflutt frá Rúmeníu. Kennari á elstu deildinni tók eftir að börnin hugsuðu sérstaklega vel um nýju stúlkuna, sýndu henni deildina, buðu henni að vera með í leik, sýndu henni hvað var næst í dagskipulaginu og kenndu henni orð á íslensku með því að benda á hluti. Umræðurnar daginn áður höfðu áhrif á meðvitund barnanna um að taka vel á móti nýju stúlkunni og sýna henni vináttu og hlýju. Börnin fengu tíma til að setja sig í spor annarra og áttuðu sig á hvaða upplýsingar og þekking er mikilvæg til að bjóða fólk velkomið í nýja menningu.

Elín Þóll Þórðardóttir (2007) talar um að eðlilegt umhverfi fyrir tvítýngd börn sé tvítýngt umhverfi sem er það sem leitast er við að skapa í leikskólanum Miðborg. Eitt af markmiðum þessa verkefnis var að bjóða heimamál barnanna velkomin í leikskólann. Einn helsti ávinningur af því að heimamál barnanna verði hluti af skólastarfinu er að það eykur vísýni allra barna gagnvart tungumálum (Chumak-Horbach, 2012) eins og dæmið um feðgana sem fengu aukinn áhuga á pólsku sýnir. Einn þátturinn í þróunarverkefninu var að kynna tungumál vikunnar. Eftir að farið var af stað með það verkefni og umhverfi barnanna



merkt með orðum úr heimamálum þeirra varð aukinn áhugi á tungumálum hjá börnum og foreldrum, líka þeirra sem eru með íslensku að móðurmáli. Í 2.1.2 var talað um samskipti þvert á tungumál eða náttúrulega hreyfingu tvítyngdra á milli tungumála (Chumak-Horbatsch, 2012). Í rannsókninni varð sérstaklega vart við slíkt hjá stúlku með pólsku að móðurmáli sem byrjaði í leikskólanum í desember 2017, þá nýflutt frá Póllandi og því byrjandi í íslensku. Hún fór aldrei á svokallað þögult tímabil heldur talaði fyrst á pólsku og síðan bættust við íslensk orð og setningar. Stúlkan bjó fljótt til brú á milli tungumálanna þar sem hún þýddi íslensk orð yfir á pólsku um leið og hún lærði þau. Til dæmis ef kennari benti á mjólk og sagði *þetta er mjólk* þá endurtók stúlkan orðið mjólk og sagði á pólsku: *Á pólsku heitir mjólk mleko*. Þegar stúlkan byrjaði í leikskólanum var pólska tungumál vikunnar og því sérstök áhersla á pólsku þá viku, spiluð lög á tungumálinu í samverustund, talið á pólsku og börnin lærðu nokkur orð á pólsku. Allir þessir þættir virtust hafa jákvæð áhrif á þróun sjálfsmyndar stúlkunnar í nýju umhverfi og að hún hafi fundið fyrir því að hennar tungumál væri velkomið og skipaði mikilvægan sess í leikskólastarfinu. Þetta dæmi má túlka sem svo að mikilvægt sé fyrir börn að heyra sitt móðurmál í skólaumhverfinu, ekki síst í byrjun.

Á meðan á verkefninu stóð sást að börn sem áður sýndu lítinn áhuga á að tala um sitt móðurmál í leikskólanum fengu aðra sýn á það þegar þeirra móðurmál var tungumál vikunnar. Dæmi um það er stúlka með filippseysku að móðurmáli. Hún hafði ekki viljað segja neitt á filippseysku eða sýnt tungumálinu áhuga. Brúarsmiður hjá Miðju máls og læsis kom í leikskólann og var með samverustund á filippseysku fyrir börnin. Stúlkan með filippseysku að móðurmáli var himinlifandi, rétti upp hönd og sagðist þekkja lögin og orðin sem brúarsmiðurinn var að kenna. Hún brosti allan tímann og virtist glaðasta barnið í hópnum í þessari samverustund. Áhuginn hélt áfram eftir tungumálavikuna, hún vildi til dæmis skrifa ævintýri á filippseysku í bókagerðinni. Þessi viðbrögð stúlkunnar við því að gera hennar heimamál hluta af leikskólastarfinu virtist gefa henni viðurkenningu á því að hún og hennar bakgrunnur skipti máli í skólaumhverfinu og hún eflist við það. Þetta dæmi sýndi að mikilvægt var að fá einhvern inn í leikskólann sem talaði móðurmál stúlkunnar, væri málfyrirmynd.

Þeir einstaklingar sem móta sterka sjálfsmynd, að mati Elsu Sigríðar Jónsdóttur (2007), eru með betri aðlögunarhæfni, eru líklegri til þess að takast á við erfið verkefni og hafa trú á eigin getu. Ein besta leiðin til þess að móta örugga sjálfsmynd er að halda í móðurmál og upprunamenningu (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2007). Hugmyndin með heimamennningarverkefninu var að börnin kynntu sína persónulegu menningu með því að búa til veggspjald heima með myndum og texta af því sem þau vildu sýna að heiman.

Verkefnið virtist hafa góð áhrif á sjálfsmynd allra barna. Börnin fóru að veggspjöldunum og skoðuðu sitt eigið og annarra barna og báru virðingu fyrir veggspjöldum hinna barnanna. Börnin kynntu sitt veggspjald í samverustund með aðstoð kennara. Öll börnin á elstu deildinni vildu sitja fyrir framan hin börnin á deildinni til að kynna, líka þau sem venjulega sækjast ekki eftir athygli í stórum hópi. Einn kennari kom með þá hugmynd að verkefnið yrði framvegis gert að hausti til þess að hægt væri að vinna enn frekar með áhuga hvers barns í starfinu og vel var tekið í þá hugmynd á samskiptasvæði starfsfólks. Í *Heimurinn er hér* (2014:9) kemur fram að þróun fjölmenningarlegra kennsluhátta þurfi að fela í sér að allir nemendur hafi áhrif á sitt nám og að hlustað sé á raddir þeirra og það var reynt að gera í þessu verkefni. Það kom vel í ljós hversu kært það er börnunum að tala um hver þau eru og sýna þeirra áhugamál. Til að fanga margbreytileika nemenda er mikilvægt að finna verkefni þar sem börn geta unnið út frá þeirri þekkingu og reynslu sem þau koma með inn í skólaumhverfið.

Í niðurstöðum rannsóknar um árangursríkt skólastarf með nemendum af erlendum uppruna í leik-, grunn- og framhaldsskólum á Norðurlöndunum er talað um vannýtt námstækifæri í skólunum sem voru til athugunar þar sem kennara skorti frumkvæði til þess að styðja við þátttöku barna af erlendum uppruna í skólastarfi (Hanna Ragnarsdóttir, 2015). Námsfélög eru hópar einstaklinga með mismunandi þekkingu, skilning eða reynslu en þó með sameiginlegan áhuga og markmið (Rogoff, 2003). Nám barna er menningarlegt ferli að mati Rogoff og hún bendir á að þrátt fyrir mikilvægi hugmynda Vygotsky um að börn læri í samskiptum við reynslumeiri jafnaldra, þá geti fullorðnum yfirsést yfir annars konar lærdóm barna. Í þessu samhengi tekur hún dæmi um ýmislegt sem börn læra af daglegum athöfnum, svo sem að skrifa innkaupalista með foreldrum sínum (Rogoff, 2003). Vinnan í kringum merkingar á umhverfi leikskólans, sem fjallað var um í 2.3.1, öðlaðist nýtt líf í nærveru barnanna á deildinni. Fyrir tilviljun var byrjað að vinna með merkingarnar inni á deildunum, í staðinn fyrir í undirbúningstímum. Börnin urðu strax forvitin um þessa vinnu og í kringum hana hefur orðið til margvísleg kveikja að umræðum um tungumál. Hún hefur líka aukið áhuga margra barna á ritmáli og hvatt þau til þess að lesa og skrifa. Þá tóku börnin sem voru að skrifa *velkomin* verkefnið lengra og tengdu til dæmis við stærðfræði með því að telja drengi og stúlkur á deildinni og skrifa niður tölustafi. Í gegnum þetta verkefni urðu kennararnir meðvitaðari um að þeir geti ef til vill gefið börnum meiri hlutdeild í þeim hversdagslegum verkefnum sem þarf að vinna í leikskólanum. Námstækifærin leynast víða en það þarf að vera meðvitaður um að grípa þau þegar þau birtast og gefa sér tíma til að fylgja þeim eftir.

Eins og fram hefur komið gekk margt vel í þróunarverkefninu og flest af þeim markmiðum sem lagt var upp með náðust að einhverju leyti. Verkefnið hafði jákvæð áhrif á foreldrasamstarf, viðhorf barna, kennara og foreldra til mismunandi tungumála, starfshætti kennara og sjálfsmynd barna svo eitthvað sé nefnt. Verkefnið var þó ekki laust við áskoranir. Eins og minnst var á í 2.2.1 gekk erfiðlega að manna leikskólann haustið 2017. Þá tók verkefnastjóri þróunarverkefnisins við deildarstjórástöðu á elstu deild og var því föst á einni deild í stað þess að fara á milli deilda eins og skipulag hafði gert ráð fyrir. Dags daglega var það áskorun að halda verkefninu gangandi, koma hlutum í framkvæmd og sjá til þess að fólki myndist það eiga hlutdeild í verkefninu. Önnur áskorun í tengslum við verkefnið var starfsmannavelta en það gekk misvel að setja nýtt starfsfólk inn í verkefnið. Í ljós kom að mikilvægt væri upp á yfirsýnina að hafa tíma sem verkefnastjóri yfir verkefninu til að fara á milli og fylgjast með hvað verið var að gera á hverri deild fyrir sig. Þá var mikilvægt að starfsfólk fengi tíma til að ræða saman um eigin reynslu og upplifanir af því starfi sem fór fram til að mynda sameiginlega sýn á þær áherslur sem lagðar voru og draga af þeim lærdóma til að byggja á í áframhaldandi vinnu.

#### 4. Lokaorð

Tilgangur þróunarverkefnisins var að gera heimamál barnanna hluta af starfi leikskólans og sýnileg í umhverfi hans. Sú vinna fór fram í samstarfi við börn, foreldra og kennara. Greina mátti aukið stolt, virðingu barnanna fyrir eigin tungumálum og tungumálum hvers annars. Af því má ráða mikilvægi þess að tungumál og menning allra barna fái rými í leikskólastarfinu.

Á meðan verkefninu stóð varð vart við aukinn áhuga og breytt hugarfar varðandi tungumál hjá börnum, foreldrum og kennurum. Sú breyting kom sérstaklega í ljós eftir að farið var af stað með verkefnið tungumál vikunnar. Margir foreldrar sýndu því áhuga að taka þátt, gjarnan þegar heimamál barna þeirra var tungumál vikunnar. Sumir íslenskir foreldrar tóku þátt til dæmis með því að koma með bækur að heiman á tungumáli vikunnar. Á tímabilinu fóru börnin í auknum mæli að tala um tungumál sín á milli og við kennara og foreldra, til dæmis hvaða orð þau kynnu og einnig fóru þau að velta fyrir sér mismunandi ritmáli. Margir kennarar sáu jákvæð áhrif þess að taka tungumál barnanna inn í starfið. Í verkefnavinnu með börnunum var lögð áhersla á þátttöku og frumkvæði barnanna, að verkefnið þróuðust og breyttust í samstarfi við þau. Afrakstur vinnunnar var gjarnan sýnilegur og aðgengilegur börnum, foreldrum og kennurum. Í umræðum við kennara kom í ljós að tungumálavinna með yngstu börnunum væri eitthvað sem hægt væri að huga betur að og þróa áfram. Þá getur verið áskorun að halda verkefninu gangandi í amstri dagsins og að miðla hugmyndafræðinni til nýs starfsfólks.

Þróunarverkefnið *Töfrandi tungumál* mun þróast áfram með áherslum nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar, *Látum draumana rætast*, að leiðarljósi. Verkefnið felur í sér gott tækifæri til þess að búa til heildræna stefnu fyrir leikskólann og þjappa starfsmannahópnum saman þar sem starfsstöðvar eru aðskildar og samskipti starfsmanna oft bundin við hverja starfsstöð fyrir sig. Þá gefst tækifæri til þess að byggja upp samfélag innan leikskólans þar sem unnið er að því að móta sameiginleg gildi og viðhorf starfsmannahópsins til þess að vinna að sameiginlegu marki. Að stofna teymi utan um verkefnið, með aðilum frá öllum starfsstöðvum, var jákvætt skref en þá gafst tækifæri til að taka sameiginlegar ákvarðanir þvert á starfsstöðvar og ígrunda þá vinnu sem fór fram. Í framhaldinu er stefnt að því að stofna teymi foreldra utan um verkefnið þannig að raddir þeirra fái að heyrast enn betur og að þeir fái frekari hlutdeild í þessari vinnu.

Niðurstöður og afrakstur þróunarverkefnisins *Töfrandi tungumál* voru kynntar fyrir starfsfólki Miðborgar á starfsdegi þann 24. maí 2019. Þá ræddi starfsfólk saman í hópum um hvernig það sæi áframhald verkefnisins fyrir sér og hvernig best væri að tengja

*Töfrandi tungumál* við þáttinn *félagsfærni* í nýrri menntastefnu. Hóparnir voru sammála um að til þess að veita öllum hlutdeild í verkefninu þyrfti ákveðna endurnýjun á því ár hvert, þ.e. búa til nýjar merkingar, fara yfir tungumál deildanna o.s.frv. Þá kom upp sú hugmynd að á hverri deild yrði skipaður fjölmeningarstjóri sem héldi utan um verkefnið. Sú hugmynd fékk góðan hljómgrunn og ákveðið var að fjölmeningarstjórar mynduðu teymi sem hittist reglulega. Verkefnastjóri fjölmeningar á skóla- og frístundasviði getur setið í teyminu og/eða verið teyminu innan handar sé þess óskað. Samhljómur virtist vera um að halda áfram með tungumál vikunnar en að sú breyting yrði á að hver deild fyrir sig ákveddi hvert tungumálið væri og hversu lengi unnið yrði með það. Þannig gæti hver deild unnið út frá tungumálum, áhugamálum og aldri barnanna á viðkomandi deild. Ákveðið var að útbúa gagnabanka þar sem hugmyndir í tengslum við tungumál vikunnar og efni, svo sem lög og leikir á mismunandi tungumálum yrði sett inn. Þá var talað um að virkja Workplace hóp verkefnisins þannig að hægt væri að deila hugmyndum og efni þar inni. Starfsfólk var sammála um að vinna áfram með heimamenningu og að hún yrði jafnvel fléttuð inn í allt starf í stað þess að hafa hana sem þema í einn mánuð. Talað var um að heimamennningarplaköt barna og kennara væru unnin í byrjun árs og hengd upp á deildinni og svo sett inn í skráningarbók barnanna. Starfsfólk var sammála um mikilvægi þátttöku foreldra, ekki síst yngstu barnanna, og upp kom sú hugmynd að í fyrsta viðtali við foreldra barns væri verkefnið kynnt sem hugmyndafræði Miðborgar og foreldrum boðið til samstarfs. Bláu bækurnar, sem skráningarbækurnar eru gjarnan kallaðar í leikskólanum, voru líka ræddar, að þær ættu alltaf að vera aðgengilegar og að þær mætti nota enn frekar sem samskiptabækur. Áhugi var fyrir því að vinna með persónubrúður og talað um að gott væri að láta leiðbeiningar og hugmyndir um notkun fylgja brúðunum. Loks var talað um að spennandi væri að tengja eldhúsið betur inn í verkefnið. Hugmyndirnar sem upp komu á starfsdaginn voru skrifaðar niður og má sjá í heild sinni í fylgiskjali A7.

Í framhaldinu er stefnt að því að kynna niðurstöður og afrakstur þróunarverkefnisins fyrir öðrum áhugasömum leikskólum. Verið er að útbúa kennslugögn og fræðsluefni sem verður aðgengilegt til að nota í fræðslu og símenntun leikskólastarfsmanna bæði innan leikskólans og til að miðla til annarra leikskóla. Þá er verið að útbúa sögutöskur (sjá fylgiskjal A4) sem hægt er að nýta í vinnu með börnunum, bæði heima og í leikskólanum, en slíkar fyrirmyndir geta jafnframt nýst öðrum leikskólum.

*Heimildir*

- Árdís Hrönn Jónsdóttir. (2013). *Orðaspjall. Að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bókalestri*. Reykjanesbær: Leikskólinn Tjarnarsel.
- Brown, B. (2001). *Combating discrimination. Persona dolls in action*. London: Trentham Books Limited.
- Chumak-Horbatsch, R. (2012). *Linguistically appropriate practice: A guide for working with young immigrant children*. Toronto: University of Toronto Press.
- Cummins, J. (2016). Intercultural education and academic achievement: A framework for school-based policies in multilingual schools. *Intercultural Education*, 26(6), 455-468. doi:10.1080/14675986.2015.1103539.
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítýngi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennin á Íslandi* (bls. 101-128). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2007). Sjálfsmýnd í fjölmenningsamfélagi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennin á Íslandi* (bls. 77-101). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Fríða B. Jónsdóttir, Anna Þ. Ingólfssdóttir, Elsa S. Jónsdóttir. (2005). *Þróunarverkefnið Lækjarborg Fjölmenningslegur leikskóli*. Sótt af [https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/skyrsla-laekjarborg\\_0.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/skyrsla-laekjarborg_0.pdf).
- García, O. (2009). Education, multilingualism and translanguaging in the 21st century. Í T. Skutnabb-Kangas, R. Phillipson, A. K. Mohanty og M. Panda (ritstjórar), *Multicultural education for social justice: Globalizing the local* (bls. 140-158). Bristol, UK: Multilingual matters.
- García, O. og Tatyana Kleyn. (2016). *Translanguaging with multilingual students: Learning from classroom moments*. New York og London: Routledge.
- Hanna Ragnarsdóttir (ritstjóri). (2015). Learning spaces for inclusion and social justice: Success stories from immigrant students and school communities in four Nordic countries. Report on main findings from Finland, Iceland, Norway and Sweden. Óbirt skýrsla. Sótt af [http://lsp2015.hi.is/final\\_report](http://lsp2015.hi.is/final_report).
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2015). Málþroski leikskólabarna: Þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjöggra og fimm ára aldurs. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/007.pdf>.
- Menningarmótsvefurinn. (2016). Um verkefni. Sótt af <http://tungumalatorg.is/menningarmot/>.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Sótt af [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk\\_vefur.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf).

Reykjavíkurborg. (2014). Heimurinn er hér – Stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningsleg skóla- og frístundastarf. Sótt af [http://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna\\_uppsett.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna_uppsett.pdf).

Reykjavíkurborg. (e.d.). Fjölmennings í leikskóla. Sótt af <http://reykjavik.is/fjolmenning-i-leikskola>.

Rogoff, B. (2003). Learning through guided participation in cultural endeavors. Í B. Rogoff, *The cultural nature of human development* (bls. 282-326). Oxford: Oxford University Press.

Schwarzer, D., Haywood, A. og Lorenzon, C. (2003). Fostering multiliteracy in a linguistically diverse classroom. *Language Arts*. 80(6), 453-460. Sótt af: [https://www.csun.edu/~bashforth/305\\_PDF/305\\_ME3/LanguageVarieties/LanguageVarieties\\_LangArts/FosteringMultiliteracyMonolingualTeacher\\_LA\\_Jul2003.pdf](https://www.csun.edu/~bashforth/305_PDF/305_ME3/LanguageVarieties/LanguageVarieties_LangArts/FosteringMultiliteracyMonolingualTeacher_LA_Jul2003.pdf).

*Fylgiskjöl***A1. Spurningakönnun fyrir starfsfólk Miðborgar**

Eftirfarandi spurningakönnun bjó verkefnastjóri til í *QuestionPro* og setti link inn á samskiptasvæði Miðborgar í desember 2018 þar sem starfsfólk var hvatt til þess að svara spurningunum hér að neðan.

- 1) Hvað hefur þú unnið lengi í Miðborg?/How long have you worked in Miðborg for?  
a) 0-12 mánuði/0-12 months, b) 1-2 ár/1-2 years, c) Lengur en 2 ár/Over 2 years.
- 2) Ert þú tví-/fjöltyngd-/ur?/Ar you bi- or multilingual?  
a) Já, b) Nei.
- 3) Ert þú jákvæð-/ur gagnvart þróunarverkefninu *Töfrandi tungumál*? Ef já, hvað finnst þér hafa gengið vel?/Are you positive towards the pilot project *Töfrandi tungumál*?/If yes, what do you think has worked well?
- 4) Hvað finnst þér eftirminnilegt eða skemmtilegt í þróunarverkefninu?/What do you think is memorable or exciting about the project?
- 5) Er eitthvað sem þér finnst erfitt eða sem væri hægt að bæta?/Is there anything that you find difficult or that we could improve upon?
- 6) Finnst þér tungumál barnanna orðin hluti af daglegu starfi? Ef já, hvernig?/Do you feel that the children's languages have become a part of daily activities? If yes, in what way?
- 7) Ert þú meðvituð/meðvitaður um heimamál barnanna sem þú vinnur með?/Are you aware of the home languages of the children that you work with?  
a) Já, b) Nei.
- 8) Langar þig að verkefnið haldi áfram í einhverri mynd? Ef já, hvernig sérðu áframhald verkefnisins fyrir þér?/Would you want the project to continue in some way? If so, how would you like it to continue?
- 9) Hefur þú einhverjar frekari athugasemdir eða tillögur?/Do you have any further comments or suggestions?



**A2. Hópviðtöl við börn á aldrinum 4-5 ára**



Persónubrúðan Paul.




Börnin búa til „velkomin“ merkingar.



Velkomin á tungumálum deildarinnar.



Stafróf á tungumálum deildarinnar.



Tungumál vikunnar skrifað á töflu við fataklefa barna.



Foreldri með samverustund.



Listasmíðja á tungumálum hússins.



Dæmi um svör barnanna.

**A3. Fundargerðir teymis *Töfrandi tungumáls*****Töfrandi tungumál  
Fundur 27. nóvember 2017**

Mættir: Svanhildur Óskarsdóttir, Saga Stephensen, Anders Hald Jensen, Krístrún Ósk Valmundsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir og Lena Sólborg Valgarðsdóttir sem ritaði fundargerð.

**Starfsdagurinn 24. nóvember**

- Farið yfir þróunarverkefnið
- Sagt frá fundi sem var í vor og hugmyndir sem komu frá foreldrum og starfsfólki
- Hvernig ættum við að merkja tungumálin?
  - Var rætt um að merkja tungumálið fyrir aftan orðin
  - Var rætt um að merkja ekki með fána en í lagi að vinna með fánana.  
Fánarnir aðskildir frá tungumálunum og börnunum. En börnum auðvitað frjálst að samsama sig einhverjum fánum.

**Nýr foreldrahópur**

- Þar sem margir nýir foreldrar hafa byrjað síðan á síðasta kynningarfundum er spurning um að halda annan kynningarfund.

**Tungumál vikunnar**

- Byrja í næstu viku á tungumáli vikunnar
- taka tvær vikur í senn – síðar á fundinum kom í ljós að það næst ekki að fara yfir öll tungumálin og því verður tungumálið í eina viku í senn
- Tungumál hússins en ekki allrar Miðborgar
- Byrja á þeim tungumálum sem eru sameiginleg öllum húsunum
  - Pólska – byrjar 4. desember
  - Franska – byrjar 11. desember
  - Enska – byrjar 8. janúar
  - Spænska – byrjar 15. janúar
  - Á næsta fundi verður ákveðið hvaða tungumál verða tekin fyrir næst
- Vera með þrjú orð sem við leggjum inn
- Læra lög
- Foreldrar mega koma og lesa bækur eða eitthvað annað

**Umræður um tungumálin með börnunum**

- Tala um tungumál við börnin

- Börnin átta sig á að það eru til mörg tungumál og margar leiðir til að segja það sama
- Roma fjallar um að það er skemmtilegt og áhugavert að ræða saman um tungumál, ekki eingöngu fyrir tví- eða fjöltyngd börn, heldur fyrir alla
- Bera saman tungumálin – hægt að gera ýmis verkefni tengt því. Börnin fara heim og rannsaka hvaða tungumál fjölskyldumeðlimir og gera súlurit í leikskólanum, hve margir tala íslensku, hve margir tala...
- Hægt að ræða um „jónaorðin“ á ýmsum tungumálum
- Nöfn jólasveinanna er til á ýmsum tungumálum
- Hægt að tengja við þema mánaðarins

### **Merkja umhverfi**

- Rætt um að merkja með tungumáli vikunnar og bæta við í hvert skipti sem nýtt tungumál kemur
  - Vera búin að merkja á íslensku
- Hvaða svæði viljum við merkja?
  - Listasmiðja
  - Eldhús
  - Fataklefi
  - Salerni
  - Skrifstofa
  - Kaffistofa
  - Þvottahús
- Einfaldar merkingar til að byrja með til að koma okkur af stað?
- Eru merkingarnar fyrir fullorðna eða börnin?
  - Eiga merkingarnar að vera í hæð barnanna eða í hæð fullorðinna?
- Viljum við byrja á því að merkja „velkomin“?
- Bls. 67-68 í LAP bókinni. Hugmyndir að merkingum

### **Börn og tónlist**

- bornogtonlist.net
- Fjölbjóðlegt – eru lög á erlendum tungumálum

### **Workplace**

- Búa til grúbbu á workplace

Næsti fundur 15. janúar kl. 17:15

## Töfrandi tungumál

16. janúar 2018

## Fundur

Mættir voru: Saga Stephensen, Svanhildur Óskarsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir, Krístrún Ósk Valmundsdóttir og Lena Sólborg Valgarðsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Anders Hald Jensen

**Hvað er gert í tungumálaviku?**

- Heilsa og kveðja á tungumáli vikunnar
- Skrifa upplýsingar um vikuna á töflu
- Umræður með börnunum um tungumálin
- Rætt um einstök orð í tungumálunum
- Börnin kenna hvert öðru orð í móðurmáli sínu
- Foreldrar taka þátt t.d. með bókalestri eða upplýsingum um tungumál
- Lög sungin á tungumálum vikunnar
- Umhverfið er merkt með tungumáli vikunnar
- Þema mánaðarins er tengt við fjölmenningslegt starf. T.d. með því að skoða byggingar frá gamla tímanum í mismunandi löndum.
- Börnin hafa mörg hver verið áhugasöm um fána og búa til fána úr lego
- Vinsamlegast skráið niður, eða setið á workplace, það sem er gert. Það auðveldar skýrsluskrif.

**Tungumálavika**

- Öll tungumál sem eru töluð í öllum húsum Miðborgar eru búin að hafa tungumála viku.
- Þegar öll tungumál hafa fengið viku, verður farið annan hring með tungumálin og þá hefur hvert tungumál tvær vikur.

**Tungumál vikunnar**

22. – 26. jan.: þýska (Njáls og Lindar) – lettneska (Baróns)

29. jan – 2. feb.: albanska (Njáls og Baróns) – danska (Lindar)

5. – 9. feb.: filippseyska (Njáls og Baróns) - hollenska (Lindar)

12. – 16. feb.: portúgalska (Njáls og Lindar) - ? (Baróns)

19. – 23. feb.: ungerska (Njáls) – rúmenska (Lindar) – ? (Baróns)

26. feb. – 2. mars: arabíska (Njáls) – kínverska (Lindar) - ? (Baróns)

5. – 9. mars: rússneska (Njáls), litháíska (Lindar) - ? (Baróns)

12. – 16. mars: víetnamska (Lindar) - ? (Njáls og Baróns)

19. – 23. mars: ítalska (Lindar) - ? (Njáls og Baróns)

26. – 30. mars: indverska1 (Lindar) - ? (Njáls og Baróns)

2. – 6. apríl: indverska2 (Lindar) - ? (Njáls og Baróns)

9. – 13. apríl: abkasíska (Lindar) - ? (Njáls og Baróns)

- Rætt um að fá Kriselle til að fræða okkur um tungumálin á Filipseyjum áður en filippseyska tungumálavikan hefst.

### **Annað**

- Elstu börnin í leikskólanum eru farin að þykjast lesa merkingarnar sem eru um leikskólann
- Setja upp stafróf hinna ýmsu tungumála á Hæð, börnin eru að velta fyrir sér ritmáli
- Tengja vinnu með tungumálin við þema mánaðarins, t.d. ævintýri. Það eru til ævintýri á mörgum tungumálum. Það þarf þó ekki endilega að vera tungumál vikunnar sem unnið er með.
- Safna ævintýrum á ýmsum tungumálum
- Safna sögum með sama þema á ýmsum tungumálum, t.d. sögum um tunglið, eða sólina eða stjörnurnar, eða eitthvað annað.
- Tölustafir á ýmsum tungumálum
- Rætt var um að á yngri deildum er lögð meiri áhersla á samstarf við foreldra og tónlist.
- Annar kynningarfundur fyrir foreldra þar sem það eru komnir margir nýir síðan kynningarfundurinn var fyrst.
  - Þarf að kynna vel að fundurinn er fyrir alla foreldra, ekki eingöngu þá sem eru tví- eða fjöltyngdir

Næsti fundur er 26. febrúar kl. 16:15

## Töfrandi tungumál Teymisfundur 26. febrúar 2018

Mættir: Saga Stephensen, Anders Hald Jensen, Krístrún Ósk Valmundsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Lena Sólborg Valgarðsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Hvernig gengur með tungumál vikunnar? Skráning, dæmi.

- Hefur ekki gengið nógu vel, mörg ný börn og öskudagur. Var mikið að gera í kringum hann.
- Erum með nema. Ekki verið að vinna eins mikið með fjölmenningu eins og hefur verið rætt um við hana, að við horfum á það sem fjársjóð að vinna með mismunandi menningu og tungumál.
- Erum búin að vera tala um fána og þjóðerni og tölum um tungumál á hverjum degi
- Frábært hve mikla þekkingu börnin hafa á tungumálum heimsins, svona ung.
- Er búin að vera bjóða foreldrum í heimsókn til að lesa eða syngja með börnunum og foreldrar taka vel í það. Flestir eru mjög áhugasamir og benda á lög og koma með bækur.
- Upplifun um að hafa misst smá tengsl við verkefnið, þarf að dusta rykið og halda verkefninu vakandi. Hafa verið að hengja upp miðana en þarf að fara að hafa meiri umræður um tungumál og svoleiðis.
- Öðruvísi vinna með yngstu börnunum heldur en þeim eldri.
- Í samveru og við matarborðið, þeir tímar nýttir vel til umræðna um tungumálin.
- Krakkarnir orðnir opnari fyrir því að miðla hvernig orðin eru á heimatungumálinu heldur en fyrir ári síðan.
- Búin er að gera möppu á sameiginlega geymsludrifinu.
- Finna leiðir til að vera í meira samstarfi við foreldrana á yngri deildunum varðandi tungumál vikunnar.

### Ákveða næstu tungumál vikunnar.

Tungumál vikunnar eru búin í Barónsborg en tvö eftir í Njáls og fjögur í Lindar. Hvernig viljum við leysa framhaldið? Vill starfsfólk vera með tungumál vikunnar með þeirra heimatungumáli? Þeir sem vilja, geta verið með.

Vilja matráðar vera með?

### Hugmyndir að verkefnum. Tengja við þema marsmánaðar: heimamenningu.

Hvað er heimamenningu? Persónuleg menning, menning heima fyrir, ekki þjóðmenning frekar en fólk vill.

Verður menningamót?

Búa til veggspjald með foreldrum? Veggspjöldin myndu sýna heimamenningu barnanna, þau gætu tekið myndir af uppáhaldsdóttinu sínu, kósýkvöldi eða annað sem þeim langar að segja frá – gætu veggspjöldin verið til sýnis á Barnamenningsráttíð?

**Stafróf og töluorð mismunandi tungumála?**

Á Hæð eru börnin mikið að velta fyrir sér töluorðum á ýmsum tungumálum og hafa foreldrar kennt þeim að telja.

**Bækur/efni sem við viljum kaupa?**

Bækur sem sýna meiri fjölbreytileika?

Veggspjöld (stafróf) með mismunandi tungumálum

Næsti fundur: 11. apríl kl. 16:15


**Töfrandi tungumál - fundur**

16. apríl 2018

Mættir voru: Anders Hald Jensen, Lena Sólborg Valgarðsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir, Krístrún Ósk Valmundsdóttir og Saga Stephensen sem ritaði fundargerð.

**Tungumál vikunnar**

- Hjálpar að hafa tungumál vikunnar til þess að halda þróunarverkefninu gangandi.
- Byrjum að fara annan hring með tungumálin 23. apríl. Baróns og Njál's ná öllum tungumálunum aftur á öðrum hring en Lindar ekki alveg. Tungumálin sem eru nýbúin að vera tungumál vikunnar í Lindarborg ná ekki að vera aftur fyrir sumarlokun.
- Ákveðið að hafa íslensku með sem tungumál vikunnar. Þá áhersla á að íslenskan sé okkar sameiginlega tungumál. Framvegis verður stílað inn á að hafa íslensku tungumál vikunnar í kringum dag íslenskrar tungu, 16. nóvember.
- Þegar tungumálin eru tekin fyrir aftur er t.d. hægt að hengja upp *velkomin/góðan dag* á tungumálum húsanna, sumir búnir að því. Þá er hægt að tala um hvar viðkomandi tungumál er talað, hve margir tala tungumálið o.s.frv. Merkingar eins og þá sem sjá má á myndinni hér til hægri sá hópurinn sem fór nýlega í námsferð til London. Hugmynd að prófa slíkar merkingar hjá okkur.
- Vera með verkefni í tungumálavikunum sem eru ekki mjög afurðatengd, tengja tungumálin meira inn í leik, hægt að laga að mismunandi aldri. Grípa áhuga á barnanna, hvað eru þau að gera og hvernig getum við útvíkkað það. Hingað til hefur áherslan verið svolítið á merkingar á umhverfinu, að gera tungumálin sýnileg.

*Tungumál vikunnar*

16. – 20. apríl: rússneska (Baróns)

23. – 27. apr.: tyrkneska (Baróns), hollenska/indverska (Lindar)?, ungverska (Njál's)

30. apr. – 4. maí: norska? (Baróns), kínverska (Mandarin) (Lindar)?, arabíska (Njál's)

- 7. – 11. maí: íslenska (Baróns, Lindar, Njáls)
- 14. – 18. maí: franska (Baróns, Lindar, Njáls)
- 21. – 25. maí: pólska (Baróns, Lindar, Njáls)
- 28. maí – 1. júní: spænska (Baróns, Lindar, Njáls)
- 4. – 8. júní: filippseyska (Baróns, Njáls), danska (Lindar)
- 11. – 15. júní: lettneska (Baróns), rúmenska (Lindar, Njáls)
- 18. – 22. júní: albanska (Baróns), portúgalska (Lindar, Njáls)
- 25. – 29. júní: (Baróns)?, litháíska (Lindar), rússneska (Njáls)
- 2. – 6. júlí: enska (Baróns, Lindar, Njáls)

### Tenging við þema – útinám (vatn, dýr, plöntur)

- Bæklingur á dönsku með hugmyndum að tungumálaleikjum/-verkefnum fyrir leikskóla:  
<https://www.haderslev.dk/files/UserDir/Documents/PPR/Sprogligeaktiviteteridagsinst.pdf>
- Hvernig getum við getum leikið okkur með/lært tungumál í gegnum leik? Dæmi:
  - 1) Hvað er í kassinum? Hlutur settur í kassa með teppi yfir. Börnin sjá ekki hvað er í kassanum heldur þurfa þau að þreifa með höndunum og giska á hvað þar er, virkja fleiri skilningarvit. 2) Gönguferðir um nágrennið þar sem við reynum t.d. að finna mismunandi búðir (skóbúð, bakarí...), mismunandi plöntur – fyrir börnin til þess að gera greinarmun á mismunandi stöðum/hlutum í umhverfi sínu. Hægt að taka myndir með af skóbúð, bakarí... og börnin geta fengið stig fyrir að finna þann stað sem verið er að leita að. Tilgangur að auka orðaforða á stöðum/hlutum í okkar nánasta umhverfi. 3) Sögugerð með börnunum, skrifa niður þeirra hugmyndir. Læra rím/vísur. 4) Hægt að tengja við önnur tungumál, finna lykilorð á tungumáli vikunnar. Skrifa niður orð og bera saman ritmál. Gera greinarmun á mismunandi ritmáli. Sjá líka mynd hér að ofan. 5) Hvaða blóm eru í garðinum? Hvaða skordýr eru í garðinum? Af hverju eru ormar í moldinni? Hringrás vatns. Hægt að hengja myndir af blómum/plöntum/dýrum út í garð fyrir börnin að skoða og þau geta leitað að því í garðinum. Hægt að spyrja foreldra hvað blóm/litir... heita á heimamálum barnanna. Þetta er ekki bara blóm eða fiskur heldur eru til ótal tegundir, bæta við þekkingu og orðaforða.



## Töfrandi tungumál - fundur

22. október 2018

Mættir voru: Krístrún Ósk Valmundsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir, María Jónsdóttir og Saga Stephensen sem skrifaði fundargerð.

**Tungumál vikunnar**

- 1.-12. október: *Rúmenska* (Lindar og Njáls) og *ítalska* (Baróns).
  - 15.-26. október: *Lettneska* (Baróns), *víetnamska* (Lindar) og *portúgalska* (Njáls).
  - 29. okt. – 9. nóv.: *Pólska* (í öllum húsum).
  - 12. -23. nóv.: *Íslenska* (í öllum húsum). Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember.
- 
- Senda foreldrum póst/tala við foreldra þegar heimamál barna þeirra er tungumál vikunnar – bjóða þeim að koma/sendu upphaldslag barnanna/koma með bækur að heiman...
  - Hafa samband við matráða og kanna áhuga á því að elda mat (einu sinni á tveggja vikna tímabili?) úr heimamenuingu barnanna. Sýrja foreldra um uppskriftir/nafn á mat sem er borðaður heima. Hægt að skoða uppskriftir og myndir með börnunum.
  - Áhugi fyrir því að fara af stað með hátíðabók: <https://reykjavik.is/allir-med/heimamenuing>.
  - Kaupa bækur sem endurspeglu börnin (deila hugmyndum á Workplace).
  - Hugmynd um að byrja með sögutösku á öllum deildum. Myndabækur og brúða fyrir yngstu börnin. Bækur á mismunandi tungumálum (t.d. skrímslabækurnar) fyrir eldri börn, brúða og spil. Upplýsingar fyrir foreldra um notkun sögutöskunnar.

#### A4. Sögutaska

Í þessari tösku eru bók/bækur, samstæðuspil, brúða og sögubók. Hugmyndin er að foreldrar noti efni töskunnar með barninu til að styrkja móðurmál þess á skemmtilegan hátt.


Hugmyndir um hvernig nota má efnið í töskunni:

- Lesa söguna með barninu. Ef bókin er ekki til á móðurmáli barnsins er hægt að tala um hvað sé að gerast í sögunni á móðurmálinu, út frá textanum eða myndunum.
- Spyrja spurningar um myndirnar og/eða söguna.
- Segja hvað hlutirnir á myndunum heita á móðurmáli barnsins og spyrja hvort barnið þekki orðin á íslensku.
- Samstæðuspilið samanstendur af 8 mismunandi myndum (16 spilum) sem tengjast sögunni í bókinni. Spil og leikir eru góðir fyrir orðaforðann og tilvalið er að kenna tölur, liti og hugtök eins og upp, niður, fyrir aftan, fyrir framan, undir, yfir og svo framvegis.
- Í sögubókina má barnið teikna mynd eða myndir og foreldrar geta skrifað stutta sögu eða ljóð við myndirnar með barninu á móðurmálinu.

#### A5. Kynning á þróunarverkefninu fyrir nýtt starfsfólk

Eftirfarandi texta setti verkefnastjóri inn á samskiptasvæði Miðborgar haustið 2018 til þess að kynna verkefnið fyrir nýju starfsfólki og til upprifjunar fyrir hina.

### Töfrandi tungumál – þróunarverkefni í Miðborg




Miðborg hlaut styrk frá Reykjavíkurborg til að þróa verkefnið Töfrandi tungumál. Verkefnið miðast að því að bjóða öll tungumál velkomin í leikskólann og gera þau sýnileg í umhverfinu. Verkefnið byggist á hugmyndafræði sem ber nafnið LAP (Linguistically Appropriate Practice) og er þróuð í Kanada af Roma Chumak-Horbatsch. Í öllum húsum Miðborgar er hægt að nálgast eintak af bókinni.

#### Tungumál vikunnar


Í Miðborg eru töluð í kringum 20 tungumál í barnahópnum. Við bjóðum öll tungumál velkomin í leikskólann en það er okkar hlutverk að hlúa að móðurmálum barnanna og kenna íslensku. Yfir veturinn er unnið með tungumál vikunnar en í tungumálavikunum eru heimamál barnanna tekin fyrir. Þá er sjónum beint að einu tungumáli í hverri viku/tvær vikur í senn. Í tungumálavikunum heilsum við og kveðjum á tungumáli vikunnar og lærum nokkur orð á tungumálinu og/eða lag, gjarnan í samverustundum og við matarborðið en líka fyrir utan það. Þá hvetjum við foreldra til þess að koma og lesa fyrir börnin, kenna þeim lag, telja á tungumálinu eða hvað sem þeim dettur í hug. Börnin eru líka hvött til þess að koma með bækur á sínu heimamáli í leikskólann. Þá reynum við að tengja þema mánaðarins við tungumálin í leikskólanum.



Hugmyndin á bak við tungumál vikunnar er að efla sjálfsmynd barna með því að hvert tungumál fái rými í skipulagi leikskólans, sýna að öll tungumál séu jafn mikilvæg. Kennarar kynna tungumálið, fá upplýsingar frá foreldrum um hvernig orð eins og *fataklefi*, *salerni*, *listasmiðja*, *eldhús*, *góðan dag*, *bless*, *takk* og *velcomin* eru skrifuð á tungumálinu og merkja umhverfið. Börnin á eldri deildunum taka virkan þátt í því að undirbúa og hengja upp merkingar. Í tengslum við þá vinnu hefur áhugi barnanna á mismunandi ritmáli kviknað og hafa þau sum verið að spreyta sig á að skrifa orð og setningar á mismunandi tungumálum.



Síðan við byrjuðum á tungumáli vikunnar og að merkja umhverfið finnum við fyrir auknum áhuga á tungumálum á meðal barna, kennara og foreldra, líka þeirra sem eru með íslensku að móðurmáli. Til dæmis, þegar tungumál vikunnar var pólska þá kom drengur með blað í leikskólann sem hann og pabbi hans höfðu dundað sér við að skrifa, orð á íslensku og pólsku en hvorugur þeirra talar pólsku.




Börnin eru líka farin að segja upp úr þurru við kennara eða við hvort annað eitthvað á borð við *ég veit hvað bless er á filippseysku* eða *ég veit hvað melóna er á pólsku*. Við höfum líka tekið eftir að börn sem áður sýndu því lítinn áhuga að tala um sitt móðurmál í leikskólanum fá allt aðra sýn á það þegar þeirra móðurmál er tungumál vikunnar.

Ein af þeim hugmyndum sem kom frá foreldrum á kynningarfundum um *Töfrandi tungumál* í maí 2017 var að börnin kynntu sína persónulegu menningu. Þema marsmánaðar 2018 var heimamenning og var ákveðið að börnin fengju karton með sér heim og að börn og foreldrar ynnu saman að því að búa til veggspjald um hvað börnin vildu sýna að heiman. Á sumum deildum var verkefnið unnið í bláu bókina, skráningarbók barnanna. Verkefnið hefur vakið mikla lukku hjá börnum og foreldrum og börnin eru virkilega stolt af sínu veggspjaldi. Þau eru afar fjölbreytt, sum ákváðu aðeins að teikna myndir, önnur aðeins að nota ljósmyndir og enn önnur voru bæði með teikningar og myndir. Veggspjöldin hafa gefið tækifæri til samskipta um mismunandi heimamenningu barnanna.



A6. Mismunandi útfærsla á merkingum



**A7. Umræður um framtíð verkefnisins****Starfsdagur í Miðborg þann 24. maí 2019****1. Hvernig sjáið þið áframhald verkefnisins fyrir ykkur?**

- Endurnýjun á verkefni á hverju ári, svo sem uppfæra merkingar, safna saman upplýsingum um tungumál barnanna. Mikilvægt til þess að allir fái hlutdeild.
- Skipa fjölmenningsstjóra á hverri deild. Skipta verkefninu niður á starfsfólk deildarinnar, hver starfsmaður fengi 1-3 tungumál til þess að sjá um.
- Skipa verkefnastjóra fjölmennings og fjölmenningsarteymi.
- Tungumál vikunnar valið á hverri deild (líka íslenska), ekki það sama fyrir húsið/leikskólann. Hver deild ákveður hvernig og hve lengi er unnið með tungumál vikunnar út frá tungumálum, aldri og áhugamálum barnanna.
- Mikilvægt að halda tungumáli vikunnar gangandi, minna á svo sem á deildarfundum og hafa það sýnilegt fyrir alla, t.d. á töflu í fataklefa.
- Heimamenningsplaköt í byrjun vetrar (jafnvel tvisvar á ári hjá eldri börnum, í byrjun og lok vetrar). Deildir ákveða hvernig heimamenningsverkefni er unnið; beint inn í bláu bók, hengja veggspjald upp á deild (hægt að setja það í bláu bókina í lok vetrar). Kennarar og börn búa til kynningu um sig.
- Gagnabanki fyrir tungumálin. Virkja Workplace hópinn. Safna saman hugmyndum í tengslum við tungumál vikunnar og efni, svo sem lögum og leikjum, á mismunandi tungumálum. Hvað hentar mismunandi aldri?
- Kynna verkefnið, hugmyndafræði Miðborgar, vel í fyrsta viðtali, svona vinnum við, og bjóða foreldrum til þátttöku. Þátttaka foreldra ekki síst mikilvæg hjá yngstu börnunum. Leggja áherslu á að virkja foreldra, bjóða þeim að koma inn á deild, í samverustund.
- Hugmyndir: 1) Myndrænt umhverfi. Mynd og orð saman eins og t.d. af dýrum, ávöxtum á mismunandi tungumálum. 2) Syngja og spila lög á fjölbreyttum tungumálum, alþjóðlegir leikir í inni- og útveru. 3) Skráning í gönguferðum, taka myndir og senda heim. Gefðu 10 í gönguferðum. 4) Opið eldhús – tengja eldhúsið meira inn í verkefnið.

**2. Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að tengja Töfrandi tungumál við nýja menntastefnu, félagsfærni?**

- Skilningur á því að við komum úr mismunandi menningarheimum - félagsfærni.
- Nota bláu bækurnar meira eins og samskiptabækur. Hafa þær aðgengilegar, taka fram í samveru – styrkja félagstengsl.
- Vinna með persónubrúður, láta leiðbeiningar fylgja með.
- Hvetja börnin til þess að syngja lag á sínu heimamáli fyrir hin börnin, félagsfærni – tungumál og samskipti.
- Heimamennings og tungumál fléttuð inn í starfið. Samhygð, samkennd, réttlætiskennd – félagsleg þátttaka. Félagfærni eflir sjálfsmyndina. Þau finna að það hafa allir jöfn tækifæri og að það sé heimur fyrir utan Ísland. Börnin læra tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni.